ÞORVALDSDALUR, EYJAFIRÐI

FORNLEIFASKRÁNING VEGNA FRAMKVÆMDA

ÁSTA HERMANNSDÓTTIR OG YLFA LEIFSDÓTTIR
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA

2024/290

Byggðasafn Skagfirðinga

Höfundar: Ásta Hermannsdóttir og Ylfa Leifsdóttir. 2024/290

Mynd á forsíðu: Horft suður Þorvaldsdal frá Hávarðarstöðum syðri.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2024. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

INNGANGUR **2**

TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR **3**

AÐFERÐARFRÆÐI **4**

ÞORVALDSDALUR Í SÖGULEGU SAMHENGI **6**

SAMANTEKT **10**

SKRÁNINGARSVÆÐIÐ 10

FRIÐLÝSTAR MINJAR 10

SKRÁÐAR MINJAR 10

HÆTTUMAT 11

NIÐURLAG 12

FORNLEIFASKRÁ **13**

HEIMILDASKRÁ **65**

VIÐAUKI 1 ..... **66**

HÆTTUMAT VEGNA FRAMKVÆMDA 66

Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu í Þorvaldsdal í Eyjafirði vegna áforma um virkjunarframkvæmdir í dalnum að beiðni EFLU fyrir hönd Arctic Hydro. Tengiliður vegna verkefnisins hjá EFLU var Snævarr Örn Georgsson.

Fyrir lá aðalskráning fornleifa á dalnum frá 2003 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2004) auk þess sem friðlýstar fornleifar höfðu verið mældar upp og skráðar af Fornleifavernd ríkisins árið 2007 (Sigurður Bergsteinsson og Sólborg Una Pálsdóttir 2009). Svæðið var gengið og allar minjar skráðar, hvort sem þær voru áður skráðar eða ekki, dagana 11. og 12. júlí 2024. Veðuraðstæður voru nokkuð góðar en mjög hvasst var þannig að fara þurfti sérstaka ferð 14. júlí til að taka drónamyndir. Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingur sá um undirbúningsvinnu og skýrslugerð. Vettvangsvinna var unnin af Ástu Hermannsdóttur og Ylfu Leifsdóttur fornleifafræðinema.

Heimildamenn og landeigendur fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3247

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.[1] Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna,: „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri […]“.

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. […] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi […]“.

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

[1] Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit, auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Loftmyndir eru einnig skoðaðar og í sumum tilfellum er hægt að nota þær til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Í þessu tilfelli voru til eldri fornleifaskráningar sem nýttar voru til að staðsetja þekktar minjar, en svæðið var einnig gengið á vettvangi og frekari minja leitað. Vettvangsskráning minja felst í því að þeim er lýst, þær mældar upp og ljósmyndaðar. Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númers (dæmi: [Stærri-Árskógur 3247-1]). Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða eins og hægt er, þ.e. híbýli manna, útihús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat er tvennskonar í skýrslunni, annars vegar almennt hættumat, þ.e. vegna ástands minja nú eða aðstæðna í umhverfinu, og hins vegar vegna yfirvofandi framkvæmda. Hættumat vegna framkvæmda er í viðauka aftast í skýrslu. Séu engar upplýsingar um almennt hættumat í fornleifaskrá eru minjarnar ekki metnar í hættu. Hættumat vegna framkvæmda er ekki tekið fram í fornleifaskrá.

Tekið skal fram að upplýsingar úr eldri fornleifaskráningum, t.a.m. lýsingar á minjum og staðsetningu, eru ekki færðar inn í fornleifaskrá nema sérstök ástæða þyki til. Þegar um minjar er að ræða sem áður hafa verið skráðar kemur eldra númer fram í fornleifaskrá og er litið svo á að þar með sé vísað í eldri upplýsingar sem er að finna í viðeigandi skýrslum. Eldra númer úr skýrslu fornleifaskráningarinnar 2003 byrjar á stöfunum EY og er kallað hér „eldra númer“ (sjá skráningarskýrslu: Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2004). Númer sem kallað er „auðkenni í Minjavefsjá“ er númer (minja id) friðlýstra fornleifa í vefsjá Minjastofnunar Íslands og er þar að finna upplýsingar um viðkomandi minjar. Skráningarskýrsla Fornleifaverndar ríkisins frá skráningunni 2007 (Sigurður Bergsteinsson og Sólborg Una Pálsdóttir 2009) er skýrslan með

þeim uppmælingum, en engin númer eru gefin upp í skýrslunni, einungis sérheiti minjastaðanna (Hávarðarstaðir o.s.frv.). Ef ekki eru gefin upp eldri númer (EY eða minja id) fyrir aftan skráningarnúmerið hafa minjarnar ekki verið skráðar áður.

Þorvaldsdalur í sögulegu samhengi

Þorvaldsdals er getið í Landnámu: „Galmr hét maðr, er nam Galmansströnd á milli Þorvaldsdalsár ok Reistarár. Hans sonr var Þorvaldr, faðir Orms, föður Barna-Þórodds, föður Þórunnar, móður Dýrfinnu, móður Þorsteins smiðs Skeggjasonar. Þorvaldi gaf Hámundr land milli Reistarár ok Hörgár, en hann hafði áðr búit í Þorvaldsdal.“ (1953: 157). Auk þess virðist dalurinn, miðað við frásögn Hávarðar sögu Ísfirðings, byggjast í það minnsta fyrir árið 1000 (1953:197-198). Þeir sem ritað hafa um sögu Þorvaldsdals fram til þessa draga þá ályktun að Hávarðarstaðir og Þórhallsstaðir séu landnámsbæirnir í dalnum (t.a.m. Jóhannes Óli Sæmundsson 1956). Í dalnum voru líklega átta bæir í byggð og fór síðasti bærinn, Kleif, í eyði árið 1979.

Skráningarsvæðið árið 2024 náði yfir hluta tveggja jarða: Stærri-Árskógs og Grundar. Hávarðarstaðir og Þórhallsstaðir eru báðir í landi Stærri-Árskógs og hefur svæði líklega alla tíð verið eign sömu jarðar (Jóhannes Óli Sæmundsson 1956: 25). Í Þorvaldsdal utanverðum að austan eru þrjú bæjarstæði sem öll eru friðlýst: Þórhallsstaðir/Þórhallakot og tvö bæjarstæði á Hávarðarstöðum (hér kölluð nyrðri og syðri til aðgreiningar). Getið er um þessa bæi í nokkrum heimildum og eru töluverðar byggingaminjar á þeim öllum. Það er því ljóst að þarna hefur verið nokkur byggð.

Þórhallsstaðir eru ystir af bæjarstæðunum þremur. Þar er fjöldi minja sem eru að miklu leyti gamallegar, sokknar og signar. Tvöfaldur túngarður er um túnið og er það líklega merki um tvö aðskilin búsetuskeið. Sá ytri [3247-7] nær utan um stærra svæði og er líklega eldri en sá innri [3247-8] sé horft til ástands og sýnileika. Á bæjarhólnum [3247-20] og í næsta nágrenni hans hafa án efa staðið bæjarhús og fleiri útihús allan þann tíma sem byggð var á Þórhallsstöðum því enginn annar staður á bæjarstæðinu ber merki þess að vera bæjarhóll eða greinileg híbýli. Það myndi líka skýra þýfismyndunina sem er á hólnum, og í raun á stóru svæði út fyrir hann á náttúrulega hólnum sem hann stendur á. Mjög mikill gróður er á öllu svæðinu og oft erfitt að greina hvaða minjar eru yngri og hverjar eldri, en með nokkurri vissu er hægt að segja að yngsti fasi bæjarhúsanna [3247-19] geti vel tilheyrt yngstu búsetu á staðnum, sem og yngsti hluti fjárhúsa [3247-27] og mögulega útihúsatóft [3247-24]. Aðhald [3247-18] er einnig mjög greinilegt og sambyggt túngarðinum [3247-8] sem skrásetjarar telja vera þann yngri af tveimur. Brunnurinn hefur líklega verið lengi á sama stað. Aðrar minjar eru eldri og erfitt að skera úr um aldursfasaskiptingu á þeim.

Af heimildum að dæma virðist vera búseta á Þórhallsstöðum frá því fyrir 1000, en í Hávarðar sögu Ísfirðings er þess getið að kristni hafi ekki enn verið tekin á Íslandi þegar Þórhallsstaðir og Hávarðarstaðir byggjast (1953: 198). Samkvæmt *Ferðabók Olaviusar* fóru Þórhallsstaðir í eyði 1402 (Ólafur Olavius 1964: 38). Eftir það er bærinn í byggð af og til fram til 1700 (síðast 1698) skv. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* (1943: 107). Síðast var búið á Þórhallsstöðum um miðja 18. öld (Örnefnaskrá Þorvaldsdalur, ytri hlutinn: 34). Passa þessar tímasetningar ágætlega við aldurstúlkun á vettvangi. Þ.e. ekki eru vísbendingar um mjög ungar minjar og í raun lítið af minjunum greinilega frá seinni öldum. Í Hávarðar sögu Ísfirðings er þess getið að reist hafi verið kirkja á Þórhallsstöðum eftir að Hávarður var látinn og kristni tekin á Íslandi. Hávarður hafi þá verið grafinn við kirkjuna (1953: 198). Í *Ferðabók Olaviusar* er þess getið að sagnir séu um að á Þórhallsstöðum hafi verið prestsetur (1964: 38), en óvíst er hvort þær ályktanir eru dregnar af frásögninni í Hávarðar sögu eða hvort um sjálfstæða heimild er að ræða. Í öllu falli verður í fornleifaskrá skráð heimild um kirkju þótt hvergi séu vísbendingar um hvar hún gæti hafa staðið.

Hávarðarstaðir nyrðri liggja í Hraunhólshvammi, upp undir Hraunhóli suðvestanverðum. Minjarnar þar eru einsleitar í aldri og mögulega allar eldri en minjarnar á Hávarðarstöðum syðri. Hugsanlegt er þó að eitthvað af eldri minjunum á Hávarðarstöðum syðri geti verið samtíða Hávarðarstöðum nyrðri. Getið er um Hávarðarstaði í Hávarðar sögu Ísfirðings, líkt og Þórhallsstaði, en miðað við lýsingu í sögunni (1953: 197-198) virðast Þórhallsstaðir hafa verið ofar í dalnum en Hávarðarstaðir, sem er öfugt við örnefnin í dag. Engin leið er að vita hvort örnefnin hafi færst til eða hvort frásögnin í Hávarðar sögu sé bara ekki nákvæmari en svo. Í *Jarðabók Árna og Páls* er röðin á bæjunum í dalnum eins og örnefnin segja til um í dag (1943: 107). Á öllum þremur bæjarstæðunum í utanverðum Þorvaldsdal að austan (Þórhallsstöðum, Hávarðarstöðum nyrðri og Hávarðarstöðum syðri) virðast vera gamlar minjar sem gætu að einhverju leyti verið samtíða. Erfitt er þó að segja til um það með vissu nema með frekari rannsóknum, en mjög greinilegt er að Þórhallsstaðir og Hávarðarstaðir syðri hafa verið í byggð oftar í gegnum aldirnar, en Hávarðarstaðir nyrðri gætu verið einn, gamall búsetufasi. Tekið skal fram að ekki hafa fundist minjar skála á neinu bæjarstæðanna og því eru engar óyggjandi vísbendingar um landnámsbúsetu þar, en íveruhús þess tíma voru skálar. Hefðu fundist einhverjir skálar hefði verið hægt með öruggari hætti að segja til um upphaf búsetu og aldursskiptingu bæjanna.

Samspil túngarða Hávarðarstaða nyrðri [3247-30] og syðri [3247-39] gæti bent til samtíða notkunar þar sem samskeytin (hornið sem myndast) virðast ekki vera á þann hátt að túngarðurinn við Hávarðarstaði syðri hafi hreinlega verið byggður við túngarð Hávarðarstaða nyrðri, og sé þar af leiðandi yngri. Það er þó ekki óhugsandi, og einnig gæti suðurhluti túngarðs Hávarðarstaða nyrðri hafa legið sunnar, ef hann var eldri, en síðan hafi honum verið raskað í búskapartíð Hávarðarstaða syðri.

Hávarðarstaðir syðri eru stór minjaþyrping í Hávarðarstaðahólum, umlukin túngarði [3247-39] að miklu leyti. Túngarðurinn er mjög greinilegur frá norðvesturhorni og í sveig austur fyrir svæðið en týnist við suðvesturendann. Syðst er túngarðurinn tvöfaldur og er líklegt að ytri hluti hans [3247-61] séu minjar eldri túngarðs sem hefur verið að öllu leyti utar en [3247-39]. Minjar hans sjást einnig austan skráningarsvæðisins og aðeins innan þess að norðaustanverðu. Minjar á Hávarðarstöðum syðri benda til enn fjölbreyttari búsetu/nýtingar en á Þórhallsstöðum. Þar er að finna gamlar og yngri búsetuminjar, alveg fram á byrjun 20. aldar. En einnig er að finna þar selstöðu suðaustast á svæðinu, innan túngarðs, [3247-55, 56 og 57]. Selminjarnar voru ekki túlkaðar sem slíkar í fyrri fornleifaskráningum en skrásetjarar telja það nær alvíst að um minjar selstöðu sé að ræða: margskipt selhús, kvíar og mögulega lítið geymslu- eða vinnsluhús. Hugsanlega hefur verið sel á staðnum áður en farið var að búa á Hávarðarstöðum syðri, eða í millibilsástandi á milli búsetuskeiða. Algengt var að byggja bæi á gömlum selstöðum og gæti hér verið um slíkt dæmi að ræða. Síðast er búið á Hávarðarstöðum syðri rétt upp úr aldamótunum 1900 þegar Júlíus Jónsson, einsetumaður, byggði sér þar býli og hokraði í nokkur ár (Örnefnaskrá Þorvaldsdalur 1937: 2). Nákvæmur árafjöldi er ekki ljós en er frá um sex árum, 1900-1906, (*ibid*.) niður í þrjú ár, frá 1902 (Örnefnaskrá Þorvaldsdalur, ytri hlutinn: 3). Í það minnsta er ljóst að búsetu þar er ekki getið í manntölum frá upphafi 20. aldar (1901 og 1910) (Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl).

Eins og komið hefur fram hér að ofan er erfitt að áætla nákvæman aldur minja á bæjarstæðunum þremur og þótt getið sé um bæina í hinum ýmsu heimildum er búsetusagan gloppótt og jafnvel óvíst með rétt örnefni, hvort Þórhallsstaðir og Hávarðarstaðir hafi hreinlega skipt um stað í gegnum tíðina, sé horft til lýsinga í Hávarðar sögu Ísfirðings. Ekki eru heimildir um selstöðu á Hávarðarstöðum, ekki er getið um sel frá Stærri Árskógi á svæðinu í *Jarðabók Árna og Páls* (1943: 107-109), engar upplýsingar er að finna um búsetu á Þórhallsstöðum eða Hávarðarstöðum í manntölum (elsta frá 1703) (Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl) og Olavius

getur ekki um búsetu á Þórhallsstöðum eða Hávarðarstöðum frá því þeir fóru í eyði og fram á hans tíma (Ólafur Olavius 1964: 38-39). Tímalína byggðar á bæjunum þremur er því nokkuð óljós en hægt er að gera sér í hugarlund að hún gæti verið eitthvað á þessa leið, sé horft til heimilda og minja:

- Þórhallsstaðir og Hávarðarstaðir byggjast upp, mögulega fyrir 1000. Hér er líklega um Hávarðarstaði nyrðri að ræða, þó gæti hreinlega hafa verið byggð á báðum Hávarðarstöðunum fljótlega
- Hávarðarstaðir nyrðri fara í eyði
- Þórhallsstaðir eru í byggð fram undir 1400 og haft er í seli við Hávarðarstaði syðri, hvort sem þeir höfðu þá þegar verið í byggð eða ekki
- Þórhallsstaðir eru í byggð af og á frá 1400 fram til 1700 – mögulega er enn haft í seli við Hávarðarstaði syðri
- Hávarðarstaðir syðri byggjast aftur (líklegt er að stutt byggð hafi verið á staðnum löngu fyrr) líklega eftir 1700 þar sem þeirra er getið sem eyðibýlis í *J a r Ħ a b · k Ć r n a P § .l* Það hefur þó verið stopul byggð því aldrei er getið um ábúendur þar í manntölum
- Síðast er búið á Þórhallsstöðum um miðja 18. öld
- Síðast er búið á Hávarðarstöðum syðri upp úr 1900 um örfárra ára skeið. Þá er byggt fjárhús [3257-54] á eldri tóftum og íverurými er líklega byggt inni í austurhluta eldri híbýlistóftar [3247-45] á bæjarhólnum

Hver svo sem nákvæm tímalína búsetu á Hávarðarstöðum og Þórhallsstöðum er, er ljóst að hluti þeirra byggist mjög snemma og á Þórhallsstöðum og Hávarðarstöðum syðri er búseta af og til í gegnum aldirnar. Aðrar bollaleggingar um aldur og eðli minja þyrfti að kanna með frekari rannsóknum.

Samantekt

Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið er langt og mjótt og nær frá Þorvaldsdalsá, skammt sunnan Vaðhóls, í norðri og um 5km leið inn/suður með dalnum, nokkuð suður fyrir bæjarstæði Grundar. Svæðið er í landareignum tveggja bæja: Grundar vestan ár og Stærri-Árskógs austan ár. Í landi Grundar nær skráningarsvæðið að mestu yfir Grundarnes, neðan bæjar, og inn með ánni, yfir dalbotninn. Í landi Stærri-Árskógs er landið fjölbreyttara, nyrst fylgir svæðið Þorvaldsdalsvegi og víkkar svo út í kringum bæjarstæði Þórhallsstaða og Hávarðarstaða og sunnan Hávarðarstaða heldur það breidd sinni þar til það mjókkar syðst. Norðan til á svæðinu er landið þýft og gróið, oft lyngi vaxið, en berir meltoppar og rofabörð hér og þar. Heldur það gróðurfar sér þangað til komið er suður á bæjarstæði Hávarðarstaða syðri þegar graslendi fer að aukast og er svæðið á flatanum beggja vegna Þorvaldsdalsárinnar vel grasi gróið og nokkuð blautt. Háir hólar einkenna svæðið sunnan Þórhallsstaða og eru þeir nefndir Hávarðarstaðahólar. Þorvalsdalsvegurinn þræðir sig um hóla og lægðir inn eftir dalnum og áfram suður fyrir skráningarsvæðið.

Friðlýstar minjar

Á skráningarsvæðinu eru bæði aldursfriðaðar og friðlýstar minjar. Það er sérstakt hve mikið er af friðlýstum minjum á svæðinu og tilheyra þær þremur minjaþyrpingum: Þórhallakoti/Þórhallsstöðum, Hávarðarstöðum (nyrðri) og Hávarðarstöðum (syðri). Í fornleifaskráningunni 2003 eru Hávarðarstaðir (nyrðri) ekki skráðir undir sérheiti en það er gert í skráningu Fornleifaverndar ríkisins 2007. Er þeirri fyrirmynd fylgt hér, ekki síst til að auðvelda aðgreiningu og umræðu um minjasvæðin. Í fornleifaskrá verður yfirlitskort yfir hver þessara þriggja minjasvæða sett við fyrstu færslu um minjar á viðkomandi svæði til að auðvelda yfirsýn. Allar minjaþyrpingarnar eru friðlýstar í heild sinni, ekki eru taldar upp einstakar minjar í friðlýsingartextanum, einungis segir: „Stærri-Árskógur. 1. Rústir eyðibýlisins Hávarðarstaða í Þorvaldsdal. 2. Rústir eyðibýlisins Þórhallsstaða eða Þórhallskots í Þorvaldsdal. Sbr. Ferðir 1971: 8-14. Skjal undirritað af ÞM 10.03.1972. Þinglýst 15.03.1972.“ (Ágúst Ó. Georgsson 1990: 34).

Skráðar minjar

Skráðar voru 81 minjar innan skráningarsvæðisins. Langflestar þeirra eru greinanlegar á yfirborði. Alls voru 11 minjar skráðar eftir heimildum, þar sem þær voru ekki sýnilegar á

yfirborði, og af þeim eru 10 með staðsetningu út frá eldri skráningargögnum. Einar minjar voru skráðar út frá heimildum og eru með óþekkta staðsetningu. Langflestar minjarnar eru búsetuminjar, enda þrjú bæjarstæði innan skráningarsvæðisins, en einnig er nokkuð um landbúnaðar- og samgönguminjar utan bæjarstæða. Sérstaða minja í landi Stærri-Árskógs eru bæjarstæðin sem fjallað hefur verið um hér að ofan, sem öll eru friðlýst og miklar búsetuminjar á. Í landi Grundar er þessu öðruvísi farið og eru þar flestar minjar tengdar landbúnaði og má þá sérstaklega nefna áveiturnar sem liggja um Grundarnesið og voru gerðar af síðasta ábúandanum á Grund, Vigfúsi í Litla Árskógi (Örnefnaskrá Árskógshrepps: 26). Er þar um fleiri hundruð metra af görðum að ræða sem liggja annars vegar norður-suður og hins vegar austur-vestur yfir meirihluta Grundarnessins. Hefur verið um töluverða framkvæmd að ræða á sínum tíma þegar garðarnir voru reistir. Skráningarsvæðið í landi Grundar er allt utan túns og því eru engar búsetuminjar skráðar þar.

Hættumat

Fáar minjar eru taldar í hættu vegna viðvarandi eða náttúrulegra þátta, s.s. rofs og landbrots. Ástand minjanna er almennt gott, þær eru grónar og samlagaðar umhverfinu. Engin skógrækt er á svæðinu og þótt kjarr finnist á einstaka stöðum er það ekki talið ógna minjum.

Tafla 1. Hættumat minja vegna náttúrulegra og/eða viðvarandi þátta.

Númer	**Jörð**	**Hlutverk**	**Tegund**	**Ástand**	**Hættumat**
3247-54	Stærri-Árskógur	Tóft	Fjárhús, hlaða	Greinanlegar	Hætta vegna rofs
3247-64	Stærri-Árskógur	Tóft	Óþekkt	Greinanlegar	Hætta vegna landrofs

Athugið að hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda er í viðauka aftast í skýrslu, sjá bls. 66. Meginniðurstaða þess hættumats er að 20 minjar eru taldar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, eins og þær eru útlistaðar í gögnum frá verkkaupa. Við mat á minjum í hættu er eingöngu horft til fjarlægðar minjanna frá framkvæmdum, ekki er lagt mat á minjagildi.

Ástæða þykir til að taka fram að verði farið í að laga Þorvaldsdalsveg í austanverðum dalnum bætast við 13 minjar sem gætu verið í hættu. Ef einungis yrði farið í að laga veginn suður að nýjum vegslóða sem liggja á með pípunni frá Þorvaldsdalsá og koma á upp austan við

Hávarðarstaði nyrðri, bætast einungis við tvær minjar í hættu, tvær vörður sem eru skammt frá veginum utarlega í dalnum.

Niðurlag

Mikið magn minja er á skráningarsvæðinu, en 81 minjar voru skráðar í heildina. Minjarnar eru að miklu leyti búsetuminjar en einnig er nokkuð um landbúnaðar- og samgönguminjar utan bæjarstæða. Aldur minjanna nær líklega frá því um landnám og rétt fram yfir 1900. Gera má ráð fyrir að ekki séu allar elstu minjarnar á svæðinu sýnilegar. Einhverjar þeirra gætu verið undir yngri minjum auk þess sem líklegt er að einhverjar þeirra séu horfnar ofan í jarðveginn og því ógreinilegar. T.a.m. má gera ráð fyrir að garðlög finnist víðar á svæðinu og alveg ljóst er að túngarðar hafa afmarkað tún á alla kanta á sínum tíma, en ekki bara endað einhvers staðar úti í mýri eins og þeir virðast gera sums staðar í dag. Það er því ljóst að fleiri minjar en þær sem skráðar voru leynast án efa á svæðinu.

Af skráðum minjum eru tvær metnar í hættu vegna náttúrulegra og/eða viðvarandi þátta. Vegna fyrirhugaðra framkvæmda eru 20 minjar metnar í hættu, en fleiri bætast við þá tölu ef farið yrði í að laga Þorvaldsdalsveg, sjá *Viðauka 1* bls. 66.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt eða hægt að áætla hana með nokkurri vissu. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Fornleifaskrá



Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir skráningarsvæðið. Gul lína er afmörkun svæðisins. Rauðir punktar eru skráðar minjar.

Stærri-Árskógur

Stærri-Árskógur 3247-1 [Eldra númer: EY-059:022]

Sérheiti: Elstivegur

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd má greina margar götur samhliða á um 25m breiðu svæði. Göturnar liggja frá suðvestri til norðausturs, frá Þorvaldsdalsá og í átt að bæ (Stærri-Árskógi). Göturnar voru skráðar af loftmynd.

Mynd 2. Elstivegur [3247-1] sést hér ganga þvert yfir skráningarsvæðið (innan gulra lína), margar samhliða götur sem liggja frá suðvestri til norðausturs. Norður er upp á myndinni. Loftmynd frá verkkaupa.

Aðrar upplýsingar

Fjallað er um Elstaveg í *Örnefni í Eyjafjarðarsýslu* (Jóhannes Óli Sæmundsson 1978: 94). Í fornleifaskráningunni 2003 var Elstivegur skráður og er GPS punktur hans rétt vestan skráningarsvæðisins 2024 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2004: 59). Lýsing í skýrslunni 2004 virðist að mestu leyti eiga við norðurenda leiðarinnar, við Vaðhól, og leiðin er ekki merkt inn á kort í skýrslunni. Þessi hluti leiðarinnar, við Vaðhól, er utan skráningarsvæðisins 2024, en skammt austur af gamla GPS punktinum eru nokkuð greinilegar götur þvert yfir skráningarsvæðið og verða þær hér því skráðar sem hluti af Elstavegi, þótt lýsing á leiðinni vestur og suður fyrir Vaðhólssvæðið í eldri skráningu sé takmörkuð.

Stærri-Árskógur 3247-2 [Eldra númer: EY-059:031]

Sérheiti: Ystulágargarður

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Beggja vegna Þorvaldsdalsvegar, um 950m SSV af bæjarstæði Stærri-Árskógs, eru garðlög sem tilheyra Ystulágargarði. Landslagið hallar niður til vesturs, niður að á, og liggja garðarnir því í hvilftum og brekkum. Malarhryggur skilur að garðlögin austan vegar.



Mynd 3. Ystulágargarður [3247-2] beggja vegna Þorvaldsdalsvegar.

Lýsing

Um er að ræða fjögur garðlög, tvö hvoru megin vegar. Austan vegar eru um 40m á milli garðlaganna en vestan vegar eru það um 15m.

Garðlögin eru mjög sigin og útflött. Breidd þeirra er mest um 1,5m en víða um 1m. Hæð er mest um 70cm en þó víðast lægri, um og undir 30cm. Garðlögin eru algróin, sér í lagi lyngi, og víða hlaupin í þúfur. Garðlögin eru nokkuð greinileg þótt þau séu fornleg.

Mynd 4. Suðaustasta garðlagið í Ystulágargarði [3247-2]. Horft til SSA.

Aðrar upplýsingar

Séu garðlögin sett í stærra samhengi með því að skoða eldri fornleifaskráningu sést að þau eru hluti af hinum langa Ystulágargarði, sem alla jafna er einfaldur en einhverra hluta vegna tvöfaldur á þessum stað (Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2004). Syðri garðlögin eru hluti af einfalda garðinum sem rakinn var um 1km langa leið við skráninguna 2004. Nyrðri garðlögin gætu verið hluti af viðbyggingu við garðinn eða vísbending um að legu garðsins hafi einhvern tímann verið breytt lítillega. Að þessu sinni voru garðlögin eingöngu mæld rétt út fyrir skráningarsvæðið en þau ná flest lengra til beggja átta. Fjallað er um Ystulágargarð í *Örnefni í Eyjafjarðarsýslu* (1978: 95) og Örnefnaskrá Stærri-Árskógs (Jóhannes Óli Sæmundsson: 29).

Stærri-Árskógur 3247-3

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á melhól, um 15m vestur af Þorvaldsdalsvegi og um 1,25km SSV af bæjarstæði Stærri-Árskógs, er vörðubrot.

Lýsing

Um er að ræða nokkra stóra steina í hrúgu á hæsta punkti melhólsins sem líklega eru leifar vörðu. Hæð er mest um 40cm og grunnflötur er um 80cm á breidd.

Mynd 5. Vörðubrot [3247-3], norður snýr upp.

Stærri-Árskógur 3247-4

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á melhól sem hefur verið raskað af Þorvaldsdalsvegi, um 5m austur af veginum og um 1,4km SSV af bæjarstæði Stærri-Árskógs, er hrunin varða.

Lýsing

Grunnflötur vörðunnar er um 1m en hæð eingöngu um 20cm. Steinar eru mosagrónir og að miklu leyti kringlóttir, sér í lagi í miðju vörðunnar. Varðan er alveg hrunin.



Mynd 6. Varða [3247-4], horf til norðurs.

Stærri-Árskógur 3247-5

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á melhól, um 1,45km SSV af bæjarstæði Stærri-Árskógs og um 80m VSV af vörðu [3247-4] er vörðubrot.

Lýsing

Vörðubrotið samanstendur af nokkrum stórum steinum í grunnfleti og einum stein þar ofan á. Grunnflötur er vel gróinn mosa og er grjót allt fléttuvaxið. Hæð vörðubrotsins er um 30cm og grunnflötur um 60cm.

Mynd 7. Varða [3247-5], horft til norðausturs.

Stærri-Árskógur 3247-6
Hlutverk: Kennimark
Tegund: Varða
Staðhættir
Á melhól, um 1,45km SSV af bæjarstæði Stærri-Árskógs og um 95m VNV af vörðu [3247-5] er varða, nánast í línu á milli garðlagsbrota í garðlagi [3247-7].
Lýsing
Varðan samanstendur af nokkrum stórum steinum í grunnfleti og er hún alveg hrunin. Breidd grunnflatar er um 80cm og hæð um 40cm. Steinar eru fléttugrónir.



Mynd 8. Varða [3247-6], horft til norðvesturs.



Mynd 9. Yfirlitskort af skráðum minjum á Þórhallsstöðum/Þórhallakoti og næsta nágrenni.

Stærri-Árskógur 3247-7 [Eldra númer: EY-059:025B; auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2714 og 1780-2712]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Slitrótt garðlag sem hefst um 40m austur af Þorvaldsdalsá í mólendi og teygir sig þaðan áfram til austurs í votlendi á milli nokkurra melhóla áður en það sveigir til suðurs á mýrlendu svæði þar sem það hverfur á kafla en syðsti parturinn liggur í sama mýrlendi. Garðlagið afmarkar ytri mörk minjasvæðis Þórhallsstaða. Á svæðinu eru tveir túngarðar, innri og ytri, og er þetta sá ytri.

Mynd 10. Túngarður [3247-7], horft til vesturs. Á myndinn sést vel hve sokkinn og óglöggur garðurinn er.

Lýsing

Garðlagið er breitt og sokkið, flatt að ofanverðu, einungis um 20-30cm á hæð, og víðast hvar um 1m breitt. Garðlagið endar til vesturs við stóra þúst nærri ánni og liggur í sveig yfir til austurs og beygir svo aflíðandi til suðurs. Fjórir bútar af garðlaginu fundust á þessari leið, sá lengsti um 124m (með smá krók til suðurs) og sá stysti 23m. Eftir að garðurinn beygir til suðurs liggur hann nær samsíða veginum á um 140m kafla og endar að lokum um 4m utan við afréttargirðingu, og um 9m vestan vegar, hugsanlega hafa vegaframkvæmdirnar raskað endanum á honum. Garðlagið er algróið en gróður er ólíkur eftir því hvar garðlagið er í landslaginu. Það er þannig meiri mólendisgróður á garðlaginu þar sem það er næst ánni og mólendi er í kring en nær eingöngu gras á því þar sem það liggur um votlendi milli melhólanna. Garðlagið eru nokkuð greinilegt þótt það sé fornlegt og sokkið, og miðað við ástand gæti þetta garðlag verið eldra en innri túngarðurinn [3247-8].

Stærri-Árskógur 3247-8 [Eldra númer: EY-059:025A; auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2709/ 1780-2708]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Innan við ytri túngarðinn á Þórhallsstöðum er annar túngarður. Nyrst eru um 60m á milli garðanna en eftir að þeir beygja til suðurs eru mest um 150m á milli þeirra. Svæðið er að miklu leyti gróið grasi og einnig er lyng og kjarrgróður víða á svæðinu.

Mynd 11. Túngarður [3247-8], horft til suðausturs.

Lýsing

Garðurinn liggur frá norðvestri, um 50m austur af Þorvaldsdalsánni, og í mjúkan

sveig til suðausturs og síðan suðurs. Þrír bútar fundust af garðinum norðan afréttargirðingar. Sá nyrsti er um 72m langur. Um 40m suðaustan við enda hans er annar bútur, um 23m langur, sá er mjög sokkinn, grasi- og starargróinn, um 20cm hár. Um 25m suðaustan hans er lengsti og heillegasti hluti túngarðsins sem liggur í gegnum aðalminjasvæðið, hann er um 160m langur. Garðurinn er mjög þýfður og ógreinilegur nyrst en verður greinilegri til suðurs. Hann er mjög vel gróinn grasi, mosa og lyngi. Breidd garðsins er um 1m og hæð um 40-60cm. Með garðlaginu má hér og þar að stungið hefur verið upp fyrir garðlaginu meðfram því.

Sá hluti garðsins sem skráður var sunnan afréttargirðingar gæti vel verið náttúrulegur en liggur þó grunsamlega mikið í línu við hinn greinilega túngarð norðan afréttargirðingar. Þessi syðsti hluti liggur í brekku, á mörkum móa og mýrar víðast hvar. Ef um garðlag er að ræða er það mjög sigið og gróið og inn á milli eru stórar, lyngi vaxnar þúfur. Breidd þessa hluta er mest um 1,8m og hæð um 1m. Norðurhlið þess er mun greinilegri en sú syðri. Líklega til heyrir þetta garðlag yngra búsetuskeiði á Þórhallsstöðum/Þórhallakoti.

Stærri-Árskógur 3247-9

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft, náttúrulegt

Staðhættir

Við vesturenda garðlags [3247-7], um 40m austur af Þorvaldsdalsá og um 1,6km SSV frá bæjarstæði Stærri-Árskógs, í grösugu aflíðandi landi, er tóft.

Mynd 12. Tóft [3247-9], horft til austurs.

Lýsing

Áfast vesturenda garðlags [3247-7] er u-laga tóft sem snýr vestur-austur, garðlagið myndar suðurhlið tóftarinnar. Á tóftinni er op til vesturs. Utanmál er um 3x3,5m. Tóftin er mikið hlaupin í þúfur, grasi- og lyngi vaxin og samlöguð umhverfinu. Hæð veggja er um 30-40cm og breidd um 80cm að jafnaði. Hugsanlega er um náttúrumyndun að ræða.

Stærri-Árskógur 3247-10 [Auðkenni í Minjavefsjá:1780-2713]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Sunnan við vesturpart garðlags [3247-7], um 70m austur af Þorvaldsdalsá og um 1,6km SSV frá bæjarstæði Stærri-Árskógs, í grösugu aflíðandi landi, er tóft.

Mynd 13. Tóft [3247-10], horft til vesturs.

Lýsing

Tóftin er u-laga, snýr norður-suður, fremur regluleg í laginu og áföst

garðlaginu sem myndar norðurhlið tóftarinnar. Utanmál tóftarinnar er um 5,5x6,5m. Hæð veggja er 30-40cm, og breidd að jafnaði 80cm. Tóftin er mjög sokkin og samlöguð umhverfi sínu. Á tóftinni er ekkert op að sjá og á henni vex gras, mosi og lyng. Einnig er á henni töluvert af víði.

Stærri-Árskógur 3247-11 [Auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2711]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

76m austur af Þorvaldsdalsá og um 1,6km SSV frá bæjarstæði Stærri-Árskógs, utan í melhól suðaustanvert, rúmum 1m norðan við enda á krók sem garðlag [3247-7] myndar við melhólinn, er tóft.

Mynd 14. Tóft [3247-11], horft til suðurs.

Lýsing

Tóftin er lítil og einföld, liggur norðaustur-suðvestur, op er til austurs við norðausturhorn tóftarinnar. Utanmál tóftarinnar er um 3x4m. Tóftin er mjög gróin lyngi og frekar sokkin. Vegghæð er um 20-30cm og breidd veggja um 70cm, tóftin er þó frekar greinileg.

Stærri-Árskógur 3247-12 [Eldra númer: EY-059:025K]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Óþekkt, matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í skráningarskýrslunni frá 2004 voru skráðar minjar gerðis, mögulega kálgarðs, sunnan í hóli um 40-50m sunnan við túngarð [3247-7]. Viðkomandi minjar fundust ekki við skráninguna 2024.

Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningarskýrslunni frá 2004 segir: „Um 250m norðan við J er annar hóll þar sem innri vallargarðurinn (A) endar til norðurs. Í hólinn er byggt e.k. gerði, e.t.v. kálgarður (K). Gerðið er byggt í sunnanverðan hólinn og hallar því til suðurs. Það er 40 X 13 m stórt en fjarar út til norðausturs. Það er lyngivaxið og veggir þess eru signir“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2004: 62).

Stærri-Árskógur 3247-13 [Eldra númer: EY-059:025L]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í skráningarskýrslunni frá 2004 var skráð einhvers konar upphækkun vestan í hóli um 40m suðvestan við túngarð [3247-7]. Viðkomandi minjar fundust ekki við skráninguna 2024.

Aðrar upplýsingar

Í fornleifaskráningarskýrslunni frá 2004 segir: „Vestan í sama hól [og 3247-12] er óljós upphleðsla, hálfhringlaga, um 20m á breidd en 10m á lengd. Ekki er um raunverulega veggi að ræða heldur upphækkun.“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2004: 62).



Mynd 15. Drónamynd af meginminjasvæði Þórhallsstaða, þar má finna minjar [3247-14] til [3247-27], auk túngarðs [3247-8]. Horft til SSV.

Stærri-Árskógur 3247-14 [Eldra númer: EY-059:025E; auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2707]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austur af tóft [3247-15] er tóft, um 30m austur af norðurenda bæjartóftar [3247-19]. Tóftin liggur vestur undir brekkurótum í lyngi vöxnum móum.

Lýsing

Tóftin liggur norðaustur-suðvestur, er vel greinanleg, stórgerð og gróf með djúp hólf og þykka veggi og vel gróin

Mynd 16. Tóft [3247- 14], horft til norðvesturs.

grasi og lyngi. Utanmál tóftarinnar er um 16x9,5m. Veggir eru á bilinu 1-2m breiðir og 0,8-1m háir. Tóftin er, þrátt fyrir góða vegghæð og -breidd, frekar ólöguleg og erfitt að átta sig á lögun hennar og hólfaskiptingu, en hún gæti verið allt að fimm hólfa þótt fjögur hólf séu greinilegust. Norðausturhólfið er stærst og reglulegast í laginu, á því er op til norðausturs en það er eina greinilega opið á tóftinni, fyrir miðju tóftarinnar eru tvö smærri hólf hlið við hlið en þau eru dýpst. Suðvestast er síðan eitt stærra hólf. Lokað er á milli allra hólfanna.



Mynd 17. Teikning af tóftum [3247-14] og [3247-15], túngarður [3247-8] til vinstri.

Stærri-Árskógur 3247-15

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á milli tóftar [3247-14] og túngarðs [3247-8] er tóft, um 25m austur af norðurenda bæjartóftar [3247-19]. Tóftin liggur vestur undir brekkurótum í lyngi vöxnum móum.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, snýr NNA-SSV, og er op til suðurs. Tóftin er um 9x5m að utanmáli. Opið er á milli rýmanna í tóftinni. Innra rýmið, það nyrðra, er bogadregið en það ytra er ferkantaðra. Tóftin er mjög sigin og gróin og samlöguð umhverfi sínu. Ekki eru merki um grjót í veggjum. Hæð veggja er um 30-50cm, og breidd þeirra um 1m.



Mynd 18. Tóft [3247-15], horft til norðurs.

Stærri-Árskógur 3247-16 [Eldra númer: EY-059:025D]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Uppi á hóli um 25m austan túngarðs [3247-8] og um 20m suður af tóft [3247-14] er tóft. Hóllinn er lyngi gróinn og er tóftin norðan á honum.

Lýsing

Tóftin er lítil og einföld, um 3,5x2,5m að utanmáli og snýr norður-suður. Op er á tóftinni til norðausturs við suðausturhorn. Tóftin er mjög sigin og sokkin og samlöguð umhverfi sínu. Hæð veggja er um 10-40cm og breidd um 1m. Tóftin er gróin grasi, mosa og lyngi.



Mynd 19. Tóft [3247-16], horft til norðvesturs. Bæjartóft [3247-19]í baksýn, skærgrein af elftingu.

Stærri-Árskógur 3247-17 [Auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2709]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Óþekkt, aðhald

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Tóft sem Fornleifavernd ríkisins skráði sem áfasta túngarðinum fannst ekki á vettvangi. Nokkru sunnar var þó skráð áþekk tóft [3247-18] sem ekki var skráð af Fornleifaverndinni. Af staðsetningum uppmælinga að dæma getur ekki verið um sömu tóft að ræða.

Aðrar upplýsingar

Í skýrslu Fornleifaverndar ríkisins segir: „Utan í garðinum, austan megin, er lítil, eins hólfa tóft, líklega einhvers konar skepnuaðhald.“ (Sigurður Bergsteinsson og Sólborg Una Pálsdóttir 2009: 46).

Stærri-Árskógur 3247-18 [Eldra númer: EY-059:025C]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Óþekkt, aðhald

Tegund: Tóft

Staðhættir

Áföst túngarði [3247-8], um 25m SSA af suðurenda bæjarhúsa [3246-19] er tóft. Tóftin er í þýfðum móa og gegnir túngarðurinn hlutverki vesturveggjar hennar.

Lýsing

Tóftin er líklega aðhald og er utanmál um 8x5m, sé vesturhlið túngarðsins tekin sem ytri veggjarlína. Op er til suðausturs. Aðhaldið er mjög gróið grasi, mosa og lyngi og samlagað umhverfi sínu en þó vel greinilegt. Hæð veggja erum 0,4-1m, hæst þar sem túngarðsveggurinn er, og breidd veggja er um 1m.



Mynd 20. Aðhald [3247-17] við garðlag [3247-8], horft til norðvesturs. Bæjartóft [3247-19] sést í bakgrunni til hægri.

Aðrar upplýsingar

Af teikningu í skýrslunni frá 2004 að dæma er líklegt að þetta sé sama tóft og var skráð sem EY-059:025C (Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2004: 60).

Stærri-Árskógur 3247-19 [Eldra númer: EY-059:025F, auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2706]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á áberandi hóli innan túns á Þórhallastöðum, skammt vestan túngarðs [3247-8], er tóft á bæjarhóli [3247-20]. Tóftin er um 185m vestur af Þorvaldsdalsvegi og um 1,8km SSV af bæjarstæði Stærri-Árskógs. Tóftin stendur á því sem mætti kalla meginminjaþyrpinguna á Þórhallsstöðum. Valllendi er í kringum tóftina en tóftin sjálf er yfirgróin af elftingu.



Mynd 21. Teikning af bæjartóft [3247-19]. Rauða línan er bæjarhóll [3247-20]. Túngarður [3247-8] sést til hægri.

Lýsing

Mjög erfitt er að greina veggi tóftarinnar þar sem elfting liggur eins og frumskógur yfir henni. Nyrsta rými tóftarinnar er þó greinilegt og víðast er hægt að áætla útmörk tóftarinnar nokkuð örugglega. Innra byrði er þó óljósara og op eru ógreinileg. Við þessa skráningu virtist tóftin vera sjö hólfa, en þau gætu verið fleiri, eða tóftin í raun tvær tóftir skiptar um miðju. Hæð veggja er um 0,3-1m og breidd veggja virðist yfirleitt um 1m. Tóftin er um 25x8m að utanmáli og snýr norður-suður. Op er á syðsta hólfinu til suðurs, við austurlangvegg, og op er á nyrsta hólfinu til austurs, við norðurgafl. Nyrst virðist vera eitt afmarkað hólf. Sunnan við það eru tvö samliggjandi hólf, eystra og vestara. Sunnan við þau eru tvö stór hólf sem virðist vera opið á milli, nyrðra og syðra. Syðst eru síðan tvö lítil hólf, vestar og eystra, sem virðist einnig vera opið á milli.

Mynd 22. Drónamynd af tóft [3247-19], horft til austurs. Túngarður [247-8] sést ofan við bæjartóftina. Bæjarhóll [3247-20] er undir tóftinni en sést mjög illa.

Aðrar upplýsingar

Skráningar og mælingar á tóftinni eru aðeins ólíkar og skýrist það að mestu af gríðarmiklum gróðri á tóftinni. Sjá lýsingar í skýrslum Fornleifaverndar ríkisins (2009: 46) og Fornleifastofnunar Íslands ses. (2004: 61).

Stærri-Árskógur 3247-20 [Auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2705]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Staðhættir og lýsing

Tóft [3247-19], bæjartóftin á Þórhallsstöðum, stendur á dálitlum hól ofan á náttúrulegum hól (þar sem einnig eru tóft [3247-21] og heimildir um minjar [3247-22] og [3247-23]). Gera má ráð fyrir að einhver mannvistaruppsöfnun sé undir bæjartóftinni, þ.e. að hóllinn rétt umhverfis hana sé bæjarhóll. Allt svæðið er mjög gróið og erfitt að ákvarða útlínur. Hóllinn er um 32x17m að umfangi, en líklegt er að mannvistaruppsöfninin teygi sig lengra yfir hinn náttúrulega hól en mælingin segir.

Stærri-Árskógur 3247-21 [Eldra númer: EY-059:025H; auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2704]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 10m norðvestur af bæjartóft [3247-19] er ógreinileg tóft. Svæðið er á kafi í gróðri og mjög erfitt að greina minjar. Svæðið hallar eilítið niður mót norðvestri.

Lýsing

Tóftin er einföld og nær ferhyrnd. Ekki sjást nein merki um op enda allt mjög óglöggt vegna gróðurs. Tóftin er um 7x6,5m að utanmáli og um 4x3m að innanmáli. Veggir eru um 20-40cm háir og breidd þeirra er um 1m.



Mynd 23. Tóft [3247-21], horft til norðvesturs. Tóftin er algerlega yfirgróin elftingu.

Aðrar upplýsingar

Í skýrslu Fornleifaverndar ríkisins segir: „Rétt sunnan við fjárhústóftina [3247-23] er dæld nokkur, 4,5 x 3 metrar, hugsanlega einhvers konar minjar“ (Sigurður Bergsteinsson og Sólborg Una Pálsdóttir 2009: 46). Er þarna líklega um sömu minjar að ræða, en stærð á innra byrði tóftarinnar rímar nokkurn veginn við stærð dældarinnar.

Stærri-Árskógur 3247-22 [Eldra númer: EY-059:025G]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Ekki voru áberandi meiri merki um minjar á þessu svæði en öðrum á hólnum, en mjög mikill gróður var á svæðinu og erfitt að greina þúfur og gróður frá mögulegum minjum. Hugsanlegt er að minjar sé að finna meira og minna á öllum hólnum. Hnitpunktur var settur eftir teikningu í skýrslunni frá 2004.

Aðrar upplýsingar

Þúst skráð í fornleifaskráningu 2003: „Fast norðan við tóftina (F) [3247-19] er þýft svæði, hálfgerð þúst (G). Ekki eru greinilegir veggir en líklega hefur eitthvert mannvirki verið þarna áður“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2004: 61). Þústin var ekki skráð af Fornleifavernd ríkisins.

Stærri-Árskógur 3247-23 [Auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2715]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Tóft skammt norðan við bæjartóft [3247-19]. Tóftin fannst ekki við skráningu, en gríðarlega mikill gróður var á svæðinu og mögulegt að hún leynist undir honum. Hnitpunktur var settur út frá skráningu Fornleifaverndar ríkisins.

Aðrar upplýsingar

Í skýrslu Fornleifaverndar ríkisins segir: „Norðan við þessa tóft [3247-19] er önnur tóft, líklega fjárhús og hlaða, 10 x 5 metrar að stærð.“ (Sigurður Bergsteinsson og Sólborg Una Pálsdóttir 2009: 46).

Stærri-Árskógur 3247-24 [Eldra númer: EY-059:025I]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestan í hólnum sem bæjartóftin [3247-19] stendur á, í grasi gróinni brekku mót vestri, um 9m vestur af tóft [3247-23] er önnur greinilegri tóft. Vestan tóftarinnar er mýrlent graslendi en norðan við eru lyngi vaxnir móar.

Lýsing

Mynd 24. Tóft [3247-24], horft til NNV.



Mynd 25. Teikning af tóft [3247-24].

Tóftin er þrí- eða fjórskipt. Uppmæling sýnir fjögur rými en hugsanlega er norðausturrýmið ekki tvískipt heldur gæti verið um hrun eða garða að ræða. Þar sem tóftin er mjög gróin er erfitt að segja til um þetta af öryggi. Vegna gróðurs er aldur tóftarinnar nokkuð afstæður. Miðað við veggjahæð inni í tóftinni þar sem hún er hæst um 1,2m mætti ætla að hún sé ekki sérlega gömul, en gróður og ógreinilegar útlínur veggja sums staðar benda til hærri aldurs. Veggjahæð er frá 20cm upp í 1,2m og breidd veggja er um 1,3m. Op er á vesturrými til vesturs en önnur op út úr tóftinni er ekki hægt að greina.

Stærri-Árskógur 3247-25 [Auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2710]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í sléttu, mýrarblautu graslendi, skammt vestan við lyngi vaxinn hól og um 40m norður af tóft [3247-26] er djúpur brunnur.

Lýsing

Brunnurinn sést ekki fyrr en komið er alveg að honum, en þá sést hringlaga gat, um 50cm í þvermál. Ekki sést í hleðslur í brunninum en það heyrist í vatni ofan í honum. Líklega rennur í hann vatn úr mýrlendinu í kring. Það er dæld niður að brunninum í grasinu og hann er ábyggilega um 2m djúpur. Nokkuð hættulegur þeim sem ekki þekkja til.

Mynd 26. Brunnur [3247-25], horf til suðurs. Hóllinn sem [3247-26] og [3247-27] standa á í baksýn

Stærri-Árskógur 3247-26 [Auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2701]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Óþekkt, aðhald

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á hól um 40m austan ár, um 7m norðan við tóft [3247-27], er ógreinilegt garðlag. Brött brekkar er niður að ánni til vesturs.

Lýsing

Garðlagið er nokkuð ógreinilegt og gæti verið náttúrulegt fyrirbæri. Það er um 11,5x6m að utanmáli og hæð veggja er um 20-50cm. Breidd veggja er um 1m. Op er til suðurs. Utan við austurlangvegginn er eins og stungið hafi verið niður með veggnum. Stórar þúfur eru innan garðs og garðlagið er algróið grasi, mosa og lyngi.



Mynd 27. Tóft [3247-26], horft til norðurs.

Mynd 28. Afstaða minjahólanna á Þórhallsstöðum. Tóft [3247-27] niðri í horninu til vinstri, ljós blettur í dökku þúfnakraðaki. Bæjartóft [3247-19] og nálægar minjar hægra megin við miðju, ljósgrænar að lit. Horft til NNA.

Stærri-Árskógur 3247-27 [Eldra númer: EY-059:025J, auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2702]

Sérheiti: Þórhallsstaðir/Þórhallakot

Hlutverk: Fjárhús, útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á hól um 50m austan ár, um 70m VSV við bæjartóft [3247-19], er marghólfa tóft. Graslendi og móar eru austan við, en að vestan er brött brekka niður að ánni.

Lýsing

Tóftin er fimm hólfa og greinilega fleiri en ein kynslóð notkunar. Tóftin er um 12,5x9m að utanmáli og snýr norður-suður. Um er að ræða útihúsasamstæðu þar sem greina má m.a. fjárhús og hlöður. Líklega eru tvær kynslóðir fjárhúss og hlöðu sem mynda suðurrýmin annars vegar og miðrýmin hins vegar, en nyrsta rýmið er óskipt og gæti verið annars konar skepnuhús eða geymsla. Op er á nyrsta rýminu við norðausturhorn til austurs og einnig er op á syðsta rýminu til austurs. Tóftin er öll vel gróin grasi, mosa og lyngi.

Mynd 29. Teikning af fjárhústóft [3247-27].

Veggir er um 0,3-1,3m háir og breidd er mest um 1,5m. Líklega eru syðstu rýmin yngsti notkunarfasinn í tóftinni. Þar er greinilegt fjárhús til austurs og hlaða til vesturs og hægt að ganga á garðanum inn í hlöðuna úr fjárhúsinu. Sú hlaða er dýpsta rýmið í tóftinni. Miðrýmið hefur líklega einnig verið fjárhús með sama kerfi, garða sem hægt var að ganga af inn í hlöðu, en það er mjög gróið og hefur fallið að miklu leyti inn í sig og erfiðara að greina opið á milli hlöðu og fjárhúss, sem og garðann. Ekki sést í grjót í veggjum.

Mynd 30. Miðrýmið í fjárhústóft [3247-27], horft til vesturs.

Stærri-Árskógur 3247-81

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í *Hávarðar sögu Ísfirðings* er þess getið að Þórhallur hafi reist kirkju á Þórhallsstöðum með þeim kirkjuviðum er Hávarður flutti með sér frá Noregi (1953: 198). Olavius getur þess að sagnir séu um að prestsetur hafi verið á Þórhallsstöðum (Ólafur Olavius 1964: 38). Ekki er þó ljóst hvort þær sagnir koma úr Hávarðar sögu eða hvort um sjálfstæða heimild er að ræða. Í það minnsta virðast vera vísbendingar í heimildum um kirkju á Þórhallsstöðum en ekkert er vitað um huganlega staðsetingu hennar og engar minjar þóttu líklegar kirkjuminjar, því eru þessar minjar án staðsetningar.

Stærri-Árskógur 3247-28

Hlutverk: Óþekkt, heystæði

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á smá þurri hæð í mýri, suðaustur af Þórhallsstöðum, um 55m vestur af Þorvaldsdalsvegi og um 2km SSV af bæjarstæði Stærri-Árskógs, er tóft.

Mynd 31. Tóft [3247-28], horft til norðurs.

Lýsing

Tóftin er einföld og snýr NNA-SSV. Utanmál tóftarinnar er um 7x4m og er op á henni til norðurs. Veggir eru um 30cm háir að utanverðu en tóftin er dýpri að innan og eru veggir að innan allt að 60cm háir. Breidd veggja er um 1m og er tóftin gróin grasi, mosa og lyngi.

Stærri-Árskógur 3247-29

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Heimildir nefna ekki ákveðna leið á láglendi í dalnum austanverðum innan við Stærri-Árskóg, en greinilegar götur eru vestan Þorvaldsdalsvegar eystri á hluta svæðisins. Gera má ráð fyrir að núverandi vegur hafi að einhverju leyti verið ruddur á eldri leið og gætu þessar greinilegu götur verið hluti af henni, enda ólíklegt annað en að leið hafi legið fram dalinn austanverðan og heim að þeim bæjum sem þar voru í byggð. Leiðin var mæld upp af loftmynd og er greinileg á tveimur köflum innan skráningarsvæðisins, annars vegar á um 350m kafla skammt norðaustan Hávarðarstaða nyrðri og hins vegar á um 100m löngum kafla nyrst á bæjarstæði Hávarðarstaða syðri. Víðar má sjá hugsanlegar götur, en einungis voru skráðar þessar greinilegustu sem hluti af leiðinni. Líklegt er að leifar hennar leynist víðar á svæðinu.

Mynd 32. Leið [3247-29], horft til suðurs.

Mynd 33. Drónamynd, horft til norðurs. Þorvaldsdalsvegur þræðir sig í gegnum myndina miðja. Vinstra megin við hann neðst er bæjarstæði Hávarðarstaða syðri og þar má sjá göturnar [3247-29] meðfram veginum á breiðu svæði og hvar þær hverfa svo undir veginn skammt utan við lækinn.



Mynd 34. Hávarðarstaðir nyrðri.

Stærri-Árskógur 3247-30 [Eldra númer: EY059:026; auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2694]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (nyrðri)

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Norðurendi garðsins er um 45m frá Þorvaldsdalsánni og liggur þaðan við Hraunhól og að tóftaþyrpingunni, austan hennar og að garðlagi [3247-39]. Garðlagið er að jafnaði um 70-110m í vestur frá Þorvaldsdalsvegi. Garðlagið liggur um rýrt mólendi milli melhóla nyrst en fer síðan niður í grösugra land við Hávarðastaði og syðst í gegnum mólendi og endar þar við garðlag [3247-39] skammt norður af litlum læk.

Lýsing

Garðlagið er að jafnaði frekar greinilegt en þó hlaupið í þúfur og gróið grasi, mosa og lyngi en meirihluti garðlagsins er lyngi gróinn. Nyrsti partur garðlagsins, þ.e.a.s.

Mynd 35. Drónamynd. Hér sést túngarður [3247-30] þræða sig upp eftir miðri mynd, austan við bæjarstæði Hávarðarstaða nyrðri. Horft til norðurs.

sá hluti hans sem liggur við Hraunhól, er meira sokkinn en syðri hlutinn og erfiðara að greina þann part þar sem hann er ansi samlagaður umhverfi sínu. Garðlagið er að jafnaði um 1m breitt en 30-60cm hátt og óslitið nema á tæplega 4m bili þar sem vegslóði liggur í gegnum garðlagið, hugsanlega hefur þar verið áður op /hlið að bæjarstæðinu.

Stærri-Árskógur 3247-31 [Eldra númer: EY059:026E; Auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2700]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (nyrðri)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Sunnan undir kletti, nyrst á minjasvæði Hávarðarstaða nyrðri, um 2,7km SSV af bæjarstæði Stærri-Árskógs og 28m norðaustur af árbakka Þorvaldsdalsár, er tóft á grasflöt.

Lýsing

Tóftin er sokkin og gróin grasi, mosa og ljóslappa, en nokkuð greinileg. Hún er einföld og u-laga, snýr SSA-NNV. Utanmál er um 5,5x4m og op er til SSA. Veggjahæð er um 30-40cm og breidd veggja um 70cm.

Mynd 36. Tóft [3247-31], horft til norðvesturs.

Stærri-Árskógur 3247-32

Sérheiti: Hávarðarstaðir (nyrðri)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag, náttúrulegt

Staðhættir

Sunnan undir kletti, norðvestast á minjasvæði Hávarðarstaða nyrðri, um 2,7km SSV af bæjarstæði Stærri-Árskógs, 20m norðaustur af árbakka Þorvaldsdalsár og 8m suðvestur af tóft [3247-31], er garðlagsbútur á grasflöt.

Lýsing

Um er að ræða smá vísi að sokknu garðlagi sem myndar horn (L-laga), sem er orðið samlagað umhverfi sínu og þúfuhlaupið. Vel er mögulegt að um náttúrumyndun sé að ræða. Vegghæð er um 10-20cm og breidd garðlagsins er um 80cm. Garðlagið er vaxið grasi, mosa, lyngi og ljónslöpp.

Mynd 37. Garðlag [3247-32], horft til vesturs.

Stærri-Árskógur 3247-33 [Auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2699]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (nyrðri)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins segir „Um 7 metra suðvestan við hana [3247-31] er þúst en ekki var hægt að skera úr um hvort væri af manna eða náttúrulegum völdum“ (Sigurður Bergsteinsson og Sólborg Una Pálsdóttir 2009: 43). Þessi þúst var ekki greinanleg á vettvangi 2024. Hugsanlega er hér um sömu ójöfnu í landslaginu að ræða og [3247-32], en þar sem túlkun er mjög ólík, þúst annars vegar og garðlag hins vegar, verður það látið liggja á milli hluta og þetta skráð undir tveimur númerum.

Stærri-Árskógur 3247-34 [Eldra númer: EY059:026A; auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2698]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (nyrðri)

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á grónu svæði, um 14m austur af árbakka Þorvaldsdalsár, á miðju minjasvæði Hávarðarstaða (nyrðri), um 2,7km SSV af bæjarstæði Stærri-Árskógs, er tóft.

Mynd 38. Tóft [3247-34], horft til suðvestur.

Lýsing

Tóftin er þriggja/fjögurra hólfa, liggur VSV-ANA, stórgerð og mjög gróin. Utanmál er um 11x11,5m. Þrjú hólf eru samtengd „innandyra“ og eitt hólf er utanáliggjandi á tóftinni norðanverðri, með op til vesturs. Hólfin innan í tóftinni eru þrjú, austasta hólfið ögn ílangt og nokkuð reglulegt í laginu en fyrir vesturenda þess er op í annað lítið hólf sem er nokkuð jafnhliða og úr því hólfi er op til suðurs í annað hólf sem er svipað að stærð og gerð og stendur það hólf aðeins út úr tóftinni, tóftin er þannig breiðari í vesturendann, eða ögn T-laga. Hæð veggja er um 50-80cm og breidd yfirleitt um 1m, en alveg upp í 1,5m.

Mynd 39. Teikning af tóftum [3247-34] til [3247-38] og túngarði [3247-30].

Stærri-Árskógur 3247-35 [Eldra númer: EY059:026B; auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2695]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (nyrðri)

Hlutverk: Óþekkt, aðhald

Tegund: Tóft

Staðhættir

Áföst túngarði Hávarðastaða (nyrðri), á grasflöt vestur undir skriðu er tóft. Tóftin er sú nyrðri af tveimur sem er áföst túngarðinum og er rétt um 2m austur af tóft [3247-34].

Mynd 40. Tóft [3247-35] við túngarð [3247-30], horft til norðvesturs.

Lýsing

Tóftin snýr SSA-NNV og er op á henni til suðurs. Hún virðist tvískipt og er opið á milli hólfa, minna hólf fyrir innan. Syðra hólfið (það ytra) er mjög greinilegt en það nyrðra er eins og þúst með smá dæld. Veggjahæð er um 30-60cm og breidd veggja um 1m. Tóftin er vel gróin grasi, mosa og ljónslappa.

Stærri-Árskógur 3247-36 [Eldra númer: EY059:026C; auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2696]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (nyrðri)

Hlutverk: Óþekkt, aðhald

Tegund: Tóft

Staðhættir

Áföst túngarði Hávarðastaða (nyrðri), á grasflöt vestur undir skriðu er tóft. Tóftin er sú syðri af tveimur sem er áföst túngarðinum og er 3,5m suðaustur af tóft [3247-35].

Mynd 41. Tóft [3247-36], horft til norðvesturs. Tóft [3247-35] ógreinileg fast aftan við. Híbýlatóft [3247-34] fyrir ofan til vinstri.

Lýsing

Tóftin er einföld og op er frekar óljóst en hefur líklega verið á suðvesturhorni. Tóftin snýr suðaustur-norðvestur og er um 9x4m að utanmáli, frekar mjó og djúp. Veggjahæð er um 50-70cm og breidd veggja er um 1m.

Stærri-Árskógur 3247-37

Sérheiti: Hávarðarstaðir (nyrðri)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á minjasvæði Hávarðarstaða (nyrðri), einungis um 1m suðvestur af horni tóftar [3247-34], er önnur minni tóft. Tóftin er rétt um 7m austur af árbakka Þorvaldsdalsár.

Lýsing

Tóftin er einföld, eiginlega eins og upphækkun með dæld í miðjunni, og gæti hugsanlega verið náttúruleg. Vesturhlutinn, sá næst ánni, er greinilegastur. Tóftin er um 5,5x7m að utanmáli, snýr austur-vestur en með op til suðurs. Hæð veggja er um 10-50cm og breidd þeirra um 1m.

Mynd 42. Tóft [3247-37], horft til norðvesturs.

Stærri-Árskógur 3247-38 [Eldra númer: EY059:026D; auðkenni í Minjavefsjá:1780-2697]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (nyrðri)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á grösugu svæði, um 20m austur af bakka Þorvaldsdalsár, og syðst tófta á minjasvæði Hávarðarstaða (nyrðri), um 9m SSA af tóft [3247-34], er tóft.

Lýsing

Tóftin er einföld, um 6x4,5m að utanmáli og snýr norður-suður. Op er við norðvesturhorn til vesturs. Tóftin er vel gróin grasi, mosa og ljónslappa. Veggir eru um 50-70cm háir og 1m breiðir.

Mynd 43. Tóft [3247-38], horft til vesturs. Sést glitta í híbýlatóft [3247-34] til hægri á myndinni.



Mynd 44. Skráðar minjar á Hávarðarstöðum syðri. Gul lína er afmörkun skráningarsvæðisins.

Stærri-Árskógur 3247-39 [Eldra númer: EY059:034; auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2697]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á mólendu aflíðandi svæði upp frá bakka Þorvaldsdalsár, rúma 40m suður af syðstu tóft [3247-38] Hávarðarstaða nyrðri liggur garðlag. Garðlagið liggur frá ánni til suðausturs, yfir Þorvaldsdalsveg og sveigir svo til suðurs og stefnir suður á um 80m bili áður en það beygir að lokum til suðvesturs, yfir veginn aftur og endar um 45m frá honum. Lækur rennur skammt norðan við norðurpart garðlagsins þar sem það liggur vestan við veginn. Mikill fjöldi tófta liggur innan við garðlagið vestanvert.

Mynd 45. Drónamynd af austasta hluta garðlags [3247-39], horft til NNV. Þorvaldsdalsvegur uppi í vinstra horninu.

Lýsing

Garðlagið er vel greinanlegt næst ánni, stórt og breitt og vel gróið lyngi, víði og eini. Á einum stað í garðlaginu á þessum kafla er stór steinn. Stöku fjárgata liggur yfir garðlagið og lækurinn slítur það í sundur á 2-3 stöðum.

Um 90m frá upphafi garðlagsins virðist annar garðlagsbútur liggja frá því og fylgja garðlaginu um 7m frá því suðvestanvert á um 120m kafla, búturinn endar um 17m norðvestur af veginum við smá brekku. Þessi garðlagsbútur slitnar í sundur á tveimur stöðum vegna lækjarins. Hugsanlega hefur garðlagið verið fært þarna til hliðar vegna þess að lækurinn hefur fært sig og því eru garðlagið og garðlagsbúturinn samsíða á þessum kafla.

Mynd 46. Syðsti hluti garðlags [3247-39], horft til norðvesturs.

Garðlagið heldur síðan áfram suðaustur yfir veginn og sá hluti garðlagsins sem liggur austan við veginn í sveig er mjög greinilegur og liggur um mýri næst veginum norðvestast en síðan um mólendi. Þegar garðlagið kemur aftur suðvestur yfir veginn er það heldur sokkið og ógreinilegt og hverfur í suðvesturendann. Líklegt má telja að garðlagið hafi einhvern tímann náð suðvestur að á en þar er ekki að sjá framhald af garðlaginu í dag. Vísbending er á loftmynd um þennan enda og er tilgátulega hans teiknuð í sérstakri flákaskrá í landupplýsingagögnum.

Garðlagið er almennt mjög gróið, aðallega af grasi og lyngi og víða komið í þúfur. Hæð og breidd garðlagsins er ansi misjöfn enda er það tæplega 500m langt og nær yfir afar stórt og margbreytilegt svæði. Almennt er það þó um 40-70cm hátt og breidd þess í kringum 1m. Sokkni suðurparturinn er hins vegar að jafnaði aðeins um 20-30cm hár og 40cm breiður en mest um 1m þar sem hann hverfur út til endans í suðvestri og þar sem vegurinn hefur líklega raskað honum til norðausturs.

Stærri-Árskógur 3247-40

Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)

Hlutverk: Óþekkt, aðhald

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Austan við austasta hluta garðlags [3247-39] liggja tveir litlir garðlagsbútar og mynda þríhyrnt aðhald við garðlagið. Garðlagið myndar þannig vesturhliðina á aðhaldinu.

Mynd 47. Garðlag [3247-40] sést hér ganga til austurs frá garðlagi [3247-39]. Horft til suðurs.

Lýsing

Annar búturinn er tæplega 12m langur og liggur norðvestur-suðaustur frá garðlaginu og er sá hluti greinilegri, hinn er um 9,5m langur og liggur suðvestur-norðaustur frá garðlaginu og mætast endar beggja

bútanna austast með 1,7m bil á milli þeirra. Bil er milli garðanna tveggja og garðlags [3247-39]. Garðarnir eru ögn þúfuhlaupnir en sjást nokkuð vel. Um 20-40cm háir og um 1m breiðir.

Stærri-Árskógur 3247-41 [Auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2693]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst, náttúrulegt

Staðhættir

Rétt um 4m vestur af Þorvaldsdalsvegi, um 10m innan (sunnan) túngarðs á Hávarðarstöðum (syðri) og tæplega 3km SSVaf bæjarstæði Stærri-Árskógs, er þúst.

Lýsing

Þústin er mjög ógreinileg og gæti hæglega verið náttúrumyndun. Innra byrði var ekki nægjanlega greinilegt til að hægt væri að mæla það upp. Þústin er um 6,5x3m að utanmáli og snýr SSV-NNA. Hæð er um 10-40cm og er þústin öll þýfð og gróin grasi, lyngi og ljóslappa.

Mynd 48. Þúst [3247-41], horft til norðurs.

Aðrar upplýsingar

Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins var þessi þúst skráð sem tóft. Það verður þó að segjast að hún er mjög ógreinileg. Í Minjavefsjá er tóftin sögð greinanleg tóft með óljóst hlutverk. Ekki er lýsing á tóftinni í skýrslu Fornleifaverndar. Tóftin var ekki skráð við skráninguna 2003.

Stærri-Árskógur 3247-42 [Eldra númer: EY059:034C; auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2691]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 10m vestur af Þorvaldsdalsvegi, norðarlega á minjasvæði Hávarðarstaða (syðri), um 15m norðaustur af tóft [3247-45] er tóft á sléttri, smáþýfðri flöt sem hallar aðeins til norðurs fast norðan við tóftina. Þessi tóft, garðlag [3247-43] og tóft [3247-44] gætu myndað eina byggingaheild.

Mynd 49. Tóft [327-42], horft til suðurs.

Lýsing

Tóftin er einföld og ekkert op er greinanlegt á henni. Hugsanlega er þetta garður frekar en tóft en veggir eru mjög signir og grónir, einungis um 20-50cm háir og er breidd þeirra um 1,3m. Veggjalínur eru víða ógreinilegar. Utanmál er um 5,5x5m.

Stærri-Árskógur 3247-43
Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Staðhættir
Frá suðausturhorni tóftar [3247-42] og að norðausturhorni tóftar [3247-44] er ógreinilegt garðlag.
Lýsing
Garðlagið er um 20-40cm hátt og gæti afmarkað til austurs rými á milli áðurnefndra tófta. Gæti þá hafa verið op til vesturs. Garðlagið er rúmlega 1m breitt og um 3m langt en virðist ekki ná alveg að veggjum tóftanna, en um 3,5m eru á milli þeirra.

Mynd 50. Garðlag [3247-43], horft til suðurs. Tóft [3247-44] í baksýn.

Stærri-Árskógur 3247-44 [Eldra númer: EY059:034B; auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2690]
Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðhættir
Um 10m frá Þorvaldsdalsvegi á nokkuð sléttum, smáþýfðum grasbala, um 12m austur af tóft [3247-45], er tóft. Umhverfið er grasi og lyngi vaxið. Þessi tóft, garðlag [3247-43] og tóft [3247-42] gætu myndað eina byggingaheild.
Lýsing
Tóftin er einföld, snýr norður-suður og er sigin og gróin. Op er líklega til vesturs við norðurgafl. Tóftin er um 5x10m að utanmáli. Hugsanlega hefur tóftin verið rýmaskipt en hún er mjög stórþýfð að innan og erfitt að segja til um mögulega innri gerð. Tóftin er dýpst í miðju en veggjahæð er um 20-70cm og veggjabreidd um 1,3m. Ekkert grjót er sjáanlegt í veggjum.

Mynd 51. Tóft [3247-44], horft til norðurs.



Mynd 52. Hávarðarstaðir syðri, bæjarstæði og nágrenni.

Stærri-Árskógur 3247-45 [Eldra númer: EY059:034A; auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2687]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir

Meint híbýlatóft á Hávarðarstöðum (syðri) stendur vestarlega á meintum bæjarhól [3247-46], um 26m vestur af Þorvaldsdalsvegi, á sléttri flöt á hólbrúninni.

Mynd 53. Bæjartóft [3247-45], horft til vesturs. Friðlýsingarmerki, staur, lengst til vinstri á myndinni.

Lýsing

Tóftin er þrí- eða fjórskipt, eftir því hvernig innra byrði miðhólfsins er túlkað. Í fyrri skráningum var það skráð sem eitt rými, en í því austanverðu er grjót og einhvers konar strúktúr. Nokkrir möguleikar eru í stöðunni hvað það varðar: þetta gæti verið veggjarbrot, garði, hrun eða jafnvel minjar yngri viðveru á staðnum, það myndi útskýra grjótið sem annars er ekki algengt í tóftum á svæðinu. Slíkt, þ.e. grjót, sést hins vegar í yngri minjum (t.d. fjárhúsi [3247-54]). Er sú ályktun dregin að síðasti ábúandinn á Hávarðarstöðum hafi gert sér hér íverurými í gömlu bæjarhúsunum og hefur það líklega verið í austurhluta miðrýmisins

Veggir eru almennt vel grónir, grasi og mosa eins og tóftin öll, einungis um 20-50cm háir og 1,2m breiðir. Nyrsta hólfið er ógreinilegast og ekki hægt að merkja op á því. Úr miðhólfinu virðist vera op til vesturs og úr syðsta hólfinu til suðausturs. Tóftin snýr norður-suður eins og hóllinn og er ytra mál hennar um 11x6m.



Mynd 54. Teikning af bæjarhól [3247-46], ásamt meintri bæjartóft [3247-45] og dældum [3247-47 og 48].

Mynd 55. Hávarðarstaðir syðri, bæjarstæði og nálægar minjar. Bæjartóft [3247-45] ofarlega á miðri mynd, græn og gróin, ofan á bæjarhól [3247-46]. Einnig sjást minjar [3247-49, 42-44] og leið [3247-29].

Stærri-Árskógur 3247-46 [Auðkenni í Minjavefsjá:1780-2686]
Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)
Hlutverk: Bæjarhóll
Tegund: Hóll
Staðhættir og lýsing
Á norðurhluta minjasvæðis Hávarðarstaða (syðri) er meintur bæjarhóll um 23m vestur af Þorvaldsdalsvegi og rúmlega 3km SSV af bæjarstæði Stærri-Árskógs. Hóllinn stendur á bekkubrún sem er brött frá vesturhlið hans og niður brekkuna. Hóllinn er ekki hár en þó greinilegur, ummál hans er um 19x10m og snýr hann norður-suður. Á hólnum eru meint híbýlatóft [3247-45] og tvær dældir [3247-47 og 48] sem gætu verið merki um minjar í hólnum. Hóllinn, og minjarnar á honum, er nokkuð grænni en gróðurinn umhverfis.

Stærri-Árskógur 3247-47 [Auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2688]
Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Dæld
Staðhættir og lýsing
Austan í meintum bæjarhól Hávarðarstaða [3247-46] er dæld innan við 1m austur af híbýlatóft [3247-45]. Hlutverk dældarinnar er óljóst en hún gæti verið merki um minjar í bæjarhólnum. Dældin er græn og gróin grasi og mosa. Dýpt er um 20cm.

Stærri-Árskógur 3247-48 [Auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2689]
Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Dæld
Staðhættir og lýsing
Sunnan í meintum bæjarhól Hávarðarstaða [3247-46] er dæld um 2m suður af híbýlatóft [3247-45]. Hlutverk dældarinnar er óljóst en hún gæti verið merki um minjar í bæjarhólnum. Dældin er græn og gróin grasi og mosa. Dýpt er um 20cm.

Stærri-Árskógur 3247-49 [Eldra númer: EY059:034D; auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2685]
Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)
Hlutverk: Óþekkt, útihús
Tegund: Tóft
Staðhættir
Á sléttum bala sunnan í hæðinni þar sem meintur bæjarhóll [3247-46] er, tæplega 10m vestur af Þorvaldsdalsvegi, er tóft.



Mynd 56. Teikning af tóft [3247-49].

Lýsing

Tóftin er tvískipt og snýr austur-vestur. Vestara rýmið er eilítið stærra, en ekkert op er sjáanlegt á því. Það gæti þó hugsanlega verið til suðvesturs á því horni. Eystra rýmið er minna og opið til austurs. Tóftin er um 6,5x5m að utanmáli en veggjamörk eru stundum óljóst, enda er tóftin mjög sigin og gróin grasi, mosa og ljónslappa. Veggjahæð er um 20-50cm og breidd um 1,5m. Stórt grjót sést í veggjum á tveimur stöðum.

Mynd 57. Tóft [3247-49], horft til suðurs. Þorvaldsdalsvegur sést til vinstri á myndinni.

Stærri-Árskógur 3247-50 [Auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2692]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á hól, rétt norðan við hæsta punkt hans, um 15m austur af Þorvaldsdalsvegi og 30m ASA af tóft [3247-44] er lítil tóft í sléttum, lyngi vöxnum móa.

Lýsing

Tóftin er einföld, snýr austur-vestur og er opin til vesturs. Tóftin er mjög sigin og gróin, sér í lagi lyngi. Norðurveggur er ógreinilegastur, en hæð veggja er eingöngu um 10-40cm og breidd þeirra um 1m. Utanmál tóftarinnar er um 4,5x3,5m.



Mynd 58. Tóft [3247-50], horft til austurs.

Stærri-Árskógur 3247-51 [Eldra númer: EY059:034G; auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2681]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á háum hól, skammt suður af skilti sem á stendur „Hávarðarstaðir“, er tóft, um 6m vestur af Þorvaldsdalsvegi. Hóllinn er gróinn en gróðurþekjan virðist nokkuð þunn.

Lýsing

Tóftin nær yfir nær allan háhólinn og snýr norður-suður. Ekkert op er greinanlegt og ytri lína veggja er oft ógreinileg enda er tóftin mjög gróin og sigin. Utanmál tóftarinnar er um 8x6m. Eitt grjót er sjáanlegt í ytri veggjarlínu, að öðru leyti er grjót ekki sjáanlegt í tóftinni. Tvær þúfur eru inni í tóftinni sem hafa líklega verið mældar upp sem veggjarstubbur í skráningu Fornleifaverndar ríkisins. Tóftin er gróin grasi, mosa og lyngi. Veggjahæð er um 10-50cm og breidd veggja um 1,3m.

Mynd 59. Tóft [247-51] á hól handan við Þorvaldsdalsveg. Staur stendur fast norðan við tóftina. Horft til vesturs.

Stærri-Árskógur 3247-52 [Auðkenni í minjavefsjá: 1780-2680]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Utan í vesturhlið hóls, í brekku mót vestri, um 30m vestur af Þorvaldsdalsvegi og 19m vestur af tóft [3247-51] er ferhyrnt garðlag á smáþýfðu, grónu svæði.

Mynd 60. Garðlag [3247-52], horft til suðausturs.

Lýsing

Garðlagið er einfalt, mögulega einhvers konar aðhald eða garður um matjurtagarð, um 5x6m að utanmáli. Ekkert greinilegt op er á því og grjót sést ekki í veggjum nema einn stór steinn er í suðausturhorni. Garðlagið er allt gróið grasi, mosa og lyngi og veggir eru einungis um 10-30cm háir og 1m breiðir. Þýft er innan garðlagsins og á veggjum.

Aðrar upplýsingar

Garðlagið var skráð sem tóft af Fornleifavernd ríkisins.

Stærri-Árskógur 3247-53 [Eldra númer: EY059:034E; auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2678]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestan í holti þar sem holtið fer að halla niður til suðvesturs, um 30m vestur af Þorvaldsdalsvegi og 20m vestur af fjárhústóft [3247-54], er tóft. Umhverfið er gróið grasi, mosa og smá lyngi.

Lýsing

Tóftin er tvöföld og snýr NNA-SSV. Ekkert ytra op er greinanlegt en opið er á milli rýmanna tveggja. Syðra rýmið er talsvert minna og hugsanlega gæti verið um fjárhús og hlöðu að ræða, syðra rýmið væri þá hlaðan. Norðurveggur og hluti austurveggjar hafa hrunið út og mögulega blásið upp. Ekkert grjót sést í veggjum. Tóftin er vaxin grasi, mosa og ljónslappa. Hæð veggja er um 30-50cm og breidd um 1,3m.

Mynd 61. Teikning af fjárhústóft [3247-53].

Mynd 62. Fjárhústóft [3247-53], horft til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Tóftin er skráð þrískipt í skráningunni 2003 og Fornleifavernd ríkisins mældi garða eða aðra rýmisskiptingu í stærra rýminu.

Stærri-Árskógur 3247-54 [Eldra númer: EY059:034F; auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2679]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna rofs

Staðhættir

Fast vestan við Þorvaldsdalsveg, um 3km SSV af bæjarstæði Stærri-Árskógs, er stór, græn tóft á sléttri flöt. Skammt vestur og suður af tóftinni fer landið að halla niður.

Lýsing

Tóftin er mjög græn og gróin og sú mest áberandi á svæðinu. Tóftin er fjórskipt og virðast rýmin ekki öll vera af sömu kynslóð. Yngst eru fjárhús (fyrir miðju) og hlaða (nyrst), eldri en það eru tvö rými syðst, nokkuð ógreinileg. Hlaðan hefur orðið fyrir raski af völdum Þorvaldsdalsvegarins. Fjárhúsið er nokkuð greinilegt og þar er grjót í veggjum, sem og í garðanum. Hægt hefur verið að ganga af garðanum og inn í hlöðuna. Syðri rýmin eru í grænni upphækkun áfast fjárhúsinu. Eystra rýmið er græn, kringlótt dokk í upphækkunina. Vestara rýmið er ferhyrnt og þar er smá grjót í suðurveggnum. Mjög mjór veggur virðist vera til vesturs og spurning hvort þar hafi verið þil. Einnig er sá möguleiki að byggingarefni hafi verið tekið úr þessum rýmum til að byggja seinni tíma byggingar: fjárhúsið og hlöðuna. Umfang tóftarinnar er um 19x9m að utanmáli. Veggir eru um 20-70cm háir og mest um 2m breiðir, í eldri hlutanum. Af heimildum að dæma er þessi tóft leifar síðasta búsetuskeiðs á Hávarðarstöðum. Heimildir benda til að íveruhúsið hafi verið í þessari tóft líka, en skrásetjarar hallast að því að íverurými hafi verið í gömlu bæjartóftinni [3247-45], þar sem sjá má grjót inni í því sem gæti verið eldra rými, og að hér hafi fjárhúsin verið, reist á eldri minjum.



Mynd 63. Teikning af tóft [3247-54].

Mynd 64. Drónamynd af fjárhústóft [3247-54]. Þorvaldsdalsvegur liggur neðst á myndinni og sést hvernig hann sker horn tóftarinnar.

Aðrar upplýsingar

Síðast er búið á Hávarðarstöðum syðri rétt upp úr aldamótunum 1900 þegar Júlíus Jónsson, einsetumaður, byggði sér þar býli og hokraði í nokkur ár (Örnefnaskrá Þorvaldsdalur 1937: 2). Nákvæmur árafjöldi er ekki ljós en er frá um 6 árum, 1900-1906, (Örnefnaskrá Þorvaldsdalur 1937: 2) niður í 3 ár, frá 1902 (Örnefnaskrá Þorvaldsdalur, ytri hlutinn: 3).



Mynd 65. Teikning af tóftum í meintu seli á Hávarðarstöðum syðri.

Stærri-Árskógur 3247-55 [Auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2684]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)

Hlutverk: Óþekkt, sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðan í litlum hól, um 15m ANA af kvíum [3247-56] og um 18m vestan (innan) túngarðs [3247-39] er lítil tóft á sléttri en þýfðri grasflöt. Móar og mýri eru í næsta nágrenni, og hóll suður af.

Lýsing

Tóftin er einföld og snýr norðvestur-suðaustur, op er til norðvesturs. Huganlega hefur verið tekið torf í tóftina norður af henni, þar er dálítil slétt dokk. Veggir eru hæstir innst í tóftinni, um 1m háir, en annars lægri og alveg niður í 30cm. Breidd veggja er um 80cm og ekkert grjót er sjáanlegt í þeim. Tóftin virðist mjókka aðeins til norðvesturs, að opinu. Tóftin er líklega hluti af selstöðu með kvíum [3247-56] og seli [3247-57].

Mynd 66. Tóft [3247-55], horft til ASA. Hugsanlegt torftökusvæði er til vinstri við tóftina.

Stærri-Árskógur 3247-56 [Eldra númer: EY059:034I; auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2683]
Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)
Hlutverk: Kvíar
Tegund: Tóft
Staðhættir
Rétt um 3m norðaustur af seltóft [3247-57], tæplega 20m austur af Þorvaldsdalsvegi, utan í smá hóli á sléttri grasflöt er kvíatóft.
Lýsing
Tóftin er einföld og ílöng og snýr NNV-SSA. Utanmál er um 4,5x9m. Op er til suðurs við suðausturhorn. Tóftin er sigin, samfallin og algróin grasi, mosa og ljónslappa. Ekki sést í grjót í veggjum. Veggir eru hæstir að innan, mest um 70cm háir, en víðast lægri og alveg niður í 30cm. Breidd þeirra er mest um 1,3m. Hugsanlega er tóftin aðeins niðurgrafin við suðurlangvegg.

Mynd 67. Kvíatóft [3247-56] og seltóft [3247-57] fyrir aftan hana. Horft til suðurs.

Stærri-Árskógur 3247-57 [Eldra númer: EY059:034H; auðkenni í Minjavefsjá: 1780-2682]
Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Staðhættir
Suðaustan við hól syðst á minjasvæði Hávarðarstaða (syðri) um 10m austur frá Þorvaldsdalsvegi og 11m norðan (innan) túngarðs, er tóft á sléttum bletti undir rótum hólsins.
Lýsing
Tóftin er þrískipt, sigin og sokkin, um 8x8,5m að utanmáli. Líklega er um seltóft að ræða þar sem kvíar eru fast norðan hennar. Tóftin er algróin og einungis sést í einn stein í veggjum hennar, sem líklega eru að mestu úr torfi. Tvö rými eru til norðurs (eystra og vestara) og eitt til suðurs. Op virðist vera úr vestara hólfinu til suðurs, og úr því syðra til norðvesturs og mætast

þessi op í sameiginlegu opi á útvegg til vesturs. Í norðurvegg austarlega er rofabarð sem gróið hefur upp, en tóftin er öll vel gróin grasi, mosa og ljónslappa. Hæð veggja er 0,3-1m og breidd um 1,5m.



Mynd 68. Drónamynd af selstöðu á Hávarðarstöðum. Seltóft [3247-57] er næst veginum fyrir miðri mynd, fast hægra megin við hana er kvíatóft [3247-56]. Niðri í hægra horninu er tóft [247-55]. Uppi í vinstra horninu sést glitta í fjárhús [3247-54]. Vestur er upp.

Stærri-Árskógur 3247-58

Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Á sléttu mýrarsvæði vestur af minjasvæði Hávarðarstaða (syðri), um 70m vestur af Þorvaldsdalsvegi og 32m vestur af tóft [3247-53], eru mógrafir. Umhverfið er gróið grasi og lyngi.

Lýsing

Mógrafirnar eru vel uppgrónir en kantar enn víða beinir og greinilegir. Grafirnar eru blautar vestast en víðast hvar þurrari. Dýpt er um 40cm og ná mógrafirnar yfir svæði sem er tæplega 20x20m að umfangi, en þó ekki yfir allt svæðið þar sem dálítill ranghali teygir sig úr megingröfunum til vesturs.

Mynd 69. Mógrafir [3247-58] sjást hér rétt neðan við miðja mynd. Horft til vesturs.

Stærri-Árskógur 3247-59 [Eldra númer: EY059:034J]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Sunnan í smá hóli, um 50m vestur af Þorvaldsdalsvegi, á svæðinu á milli túngarðanna, um 17m suður af túngarði [3247-39] og 10m norður af túngarði [3247-61], er lítil tóft á sléttri grasflöt sem hækkar aðeins í átt að hólnum.

Lýsing

Tóftin er með norðurendann upp í smá halla, en suðurendinn er á sléttu. Tóftin er einföld og lítil, með op til suðurs, inn dalinn. Tóftin er um 3x2,5m að utanmáli og snýr norður-suður. Veggir eru lágir og mjóir, um 20-40cm háir og 50cm breiðir. Ekkert grjót sést í veggjum og tóftin er vel gróin grasi og mosa.

Mynd 70. Tóft [3247-59], horft til austurs.

Stærri-Árskógur 3247-60 [Eldra númer: EY059:034K]

Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Við fornleifaskráninguna var skráð grunsamlegt svæði (K) austur af tóft J [3247-59], „rústalegt svæði“ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2004: 69). Ekki sáust greinileg merki um minjar á staðnum en vegna fyrri skráningar er svæðið hér skráð sem heimild um hugsanlegar minjar og sett lína utan um svæðið í GIS gögnum út frá korti í skýrslunni frá 2004.

Stærri-Árskógur 3247-61

Sérheiti: Hávarðarstaðir (syðri)

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Tæplega 40m suðaustur af garðlagi [3247-39] liggur annað garðlag í sömu stefnu eftir mýrlendi. Garðlagið liggur frá veginum og til suðvesturs. Lítill bútur af garðlagi, utan garðlags [3247-39] er einnig nyrst, austan við Þorvaldsdalsveg þar sem hann gengur norður úr túni Hávarðarstaða syðri.

Mynd 71. Túngarður [247-61], horft til suðausturs.

Lýsing

Garðlagið að sunnanverðu er mjög sokkið og gróið grasi og mosa. Það er 90m langt um 20-40cm hátt og um 1,0-1,5m að breidd að jafnaði. Það er slitið í sundur á 5m bili þar sem kemur smá hóll á milli. Suðvestast tekur garðlagið krappa beygju til norðvestur á 10m kafla þar sem það endar síðan í brekku. Garðlagið að norðanverðu sást ekki á vettvangi en er greinilegt á loftmynd, og sést ganga þar áfram austur út fyrir skráningarsvæðið. Miðað við stefnu garðlagsins eru allar líkur á að þessi garðlög tengist öll og myndi þannig stærri , og líklega eldri (en [3247-39]) túngarð um tún Hávarðarstaða. Norðurhlutinn var teiknaður upp af loftmynd. Líklegt má telja að túngarðurinn hafi einhvern tímann náð suðvestur að á en það er ekki að sjá þar framhald af garðlaginu í dag. Vísbending er á loftmynd um þennan enda og er tilgátulega hans teiknuð í sérstakri flákaskrá í landupplýsingagögnum.



Mynd 72. Brúnu garðlögin eru tilgáta um legu garða [3247-39] og [3247-61] út frá vísbendingu á drónaloftmynd frá verkkaupa.

Stærri-Árskógur 3247-62

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Á sléttri mýrarflöt nokkuð sunnan við minjasvæði Hávarðarstaða (syðri), um 30m norður af árbakka Þorvaldsdalsár, 55m vestur af Þorvaldsdalsvegi og 3,4km SSV af bæjarstæði Stærri-Árskógs, er þúst. Umhverfið er gróið grasi og smá lyngi, en þústin sker sig vel úr landslaginu þar sem hún er mjög lyngi vaxin.

Mynd 73. Þúst [3247-62], horf til austurs.

Lýsing

Þústin er um 6,5x4m að utanmáli en ekki er hægt að greina neina rýmaskipan að innan, eða breidd veggja. Ytri mörk veggjanna eru þó frekar skýr. Hugsanlega gæti þústin verið náttúruleg en hún sker sig ansi mikið úr umhverfinu. Hæð þústarinnar er um 20-60cm.

Stærri-Árskógur 3247-63

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 3,7km SSV af bæjarstæði Stærri-Árskógs og um 370m suður af þúst [3247-62] er hleðsla, mögulega vegupphleðsla.

Mynd 74. Hleðsla [3247-63], horft til VSV.

Lýsing

Breið hleðsla, um 2,5m á breidd, en einungis um 30cm á hæð, liggur í norðvestur-suðaustur yfir mýrlent svæði á ská frá Þorvaldsdalsvegi og norður að lækjarfarvegi. Hleðslan byrjar um 15m vestur frá veginum. Staðsetningin virðist nokkuð sérstök, hleðslan liggur í raun ekki frá neinu eða að neinu sérstöku, og tilgangur hennar, sem lítur helst út eins og vegupphleðsla, er ekki ljós. En nokkuð víst er að um manngert fyrirbæri er að ræða. Hugsanlega hefur torf verið stungið upp fast við upphleðsluna til að hlaða hana. Kindagötur eru ofan á hleðslunni, enda nokkuð blautt í kring og best að ganga ofan á henni. Rof er ca. fyrir miðri hleðslunni, líklega vegna vatnságangs.

Stærri-Árskógur 3247-64

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots

Staðhættir

Á blautu, mýrlendu grasengi, um 15m norðaustur af árbakka Þorvaldsdalsár, um 3,8km SSV af bæjarstæði Stærri-Árskógs og 700m SSV við túngarð [3247-61] er tóft. Við skráningu var mjög há vatnsstaða í ánni og tóftin nær umflotin, en að jafnaði eru aðstæður ekki þannig.

Lýsing

Tóftin er lítil og einföld, snýr austur-vestur og opin til vesturs. Utanmál tóftarinnar er um 4x3,5m. Tóftin er annað hvort aðeins niðurgrafin eða hefur sigið vegna vatns í jarðvegi, en aðeins er stigið niður þegar farið er inn í hana. Veggir eru um 20-80cm háir, hæstir inní, og breidd veggja er mest um 1m. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en sé horft til staðsetningar er líklega er að um heystæði sé að ræða.

Mynd 75. Tóft [3247-64], horft til norðurs.



Mynd 77. Afstaða tóftar [3247-64] við Þorvaldsdalsá.

Stærri-Árskógur 3247-65

Hlutverk: Óþekkt, áveita

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á eyrum við Þorvaldsdalsá, um 3,9km SSV af bæjarstæði Stærri-Árskógs og 120m vestur af Þorvaldsdalsvegi, er garðlag. Suðurendi þess endar við ána. Svæðið er graslent en mýlent er austan við, þurrara nær ánni.

Lýsing

Garðlagið er óljóst og sigið með skil í miðjunni sem bendir til hás aldurs. Garðurinn liggur norður-suður og er einungis um 10-30cm hár og um 1m breiður, gróinn grasi og mosa. Hann rennur út í umhverfið til norðurs en liggur í hlykkjum frá ánni rúmlega 50m áður en það gerist. Hugsanlega gæti verið um gamlan áveitugarð að ræða.

Mynd 76. Garðlag [3247-65], horft til suðurs að Þorvaldsdalsá.

Grund

Grund 3247-66 [Eldra númer: EY057:012G]
Hlutverk: Óþekkt, heystæði
Tegund: Tóft
Staðhættir
Norðan Grundarengja, þar sem fer að halla upp hlíðina til vesturs, um 1,2km SSV af bæjarstæði Kleifar og um 160m vestur af Þorvaldsdalsá, er tóft uppi á smá stalli. Umhverfið er slétt en smáþýft, gróið grasi og lyngi.
Lýsing
Tóftin er einföld og virðist standa á hól sem gæti innihaldið einhverja mannvistaruppsöfnun, a.m.k. virðist geta verið eitthvað eldra sem kíkir undan veggjum og teygir sig út fyrir tóftina, sér í lagi til suðurs. Líklegt er því að þarna hafi verið byggt í fleiri en einum fasa. Tóftin er gamalleg, þýft innan í henni sem og utan, og op virðist vera á henni til norðvesturs á norðvesturhorni. Utanmál tóftarinna er um 8,5x6m og snýr hún norður-suður. Veggir eru mjög signir og hrundir og tóftin er vel samlöguð umhverfi sínu, veggjahæð er um 20-50cm og breidd þeirra um 1m.



Mynd 78. Teikning af tóft [3247-66] og hólnum sem hún stendur á og inniheldur mögulega einhverja mannvistaruppsöfnun.

Mynd 79. Tóft [3247-66] horft til norðvesturs.

Grund 3247-67
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Staðhættir
Sunnan í hólrana, í sömu grashvilft ofan Grundarness og [3247-68], um 1,2km SSV af bæjarstæði Kleifar, um 35m austur af tóft [3247-66], er lítil tóft byggð utan í hólranann.
Lýsing
Tóftin er mjög lítil, einungis um 3,5x2,5m að utanmáli og myndar hólraninn norðurhlið hennar. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er op á henni til suðurs við suðausturhorn. Veggir eru þunnir og lágir, einungis um 10-40cm háir og 40cm breiðir. Tóftin er gróin grasi.

Mynd 80. Tóft [3247-67], horft til norðurs.



Mynd 81. Teikning af tóftum [3247-57] og [3247-68] sem sýnir afstöðu þeirra.

Grund 3247-68

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í grashvilft inn í brekkuna norðvestan Grundarness þar sem fer að halla upp til fjallsins, um 9m suðvestur af tóft [3247-67], er önnur tóft.

Lýsing

Tóftin er einföld og ekkert sýnilegt op er á henni. Tóftin er algróin grasi, mosa og lyngi en það finnst móta fyrir grjóti í henni miðri, líklega er þar um veggjahrun að ræða. Ekkert grjót er í umhverfinu. Tóftin er nokkuð uppbyggð og útlínur eru allar greinilegar. Utanmál tóftarinnar er um 4x3,5m, hæð veggja er um 20-60cm og breidd þeirra um 50cm.

Mynd 82. Tóft [3247-68] rétt neðan við miðja mynd. Horft til suðurs.

Grund 3247-69

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur, náttúrulegt

Staðhættir

Í mýri við mót Grundarness og móa/brekku eru hugsanlegar mógrafir um 50m SSA af tóft [3247-68] og um 1,25km suður af bæjarstæði Kleifar.

Mynd 83. Mógrafir [3247-69], skrásetjari stendur ofan í gröfunum. Horft til suðvesturs.

Lýsing

Beinir bakkar í mýrlendinu benda til mógrafa þótt sérstakt sé að lækur rennur í gegnum svæðið sunnanvert. Mjög gróið er ofan í niðurgreftinum og í raun ekki mjög mógrafalegt. Niðurgröfturinn er gróinn grasi og mosa og nær yfir svæði sem er um 17x9m að umfangi. Bakkarnir eru mest um 1m háir, en það er dýpra þar sem lækurinn rennur.

Grund 3247-70

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Um 7m suðaustur af mógröfum [3247-69], á sléttlendi sunnan við lítinn læk sem rennur í gegnum áðurnefndar mógrafir, er lítil mógröf.

Mynd 84. Mógrafir [3247-70], horft til suðausturs.

Lýsing

Mógröfin er einungis um 3,5x,2,5m að umfangi. Hún er mun blautari en stærri gröfin en mun grynnri, um 40cm djúp, og vex í henni mýrargróður.

Grund 3247-71 [Eldra númer: EY057:011]

Sérheiti: Katrínarvað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Katrínarvað er þar sem Þorvaldsdalsá rennur í dálitlum hlykk norðan Grundarness. Áin skiptir sér þarna í tvennt og er lítil eyja á milli farveganna. Vaðið var líklega þar sem áin skiptir sér að sunnanverðu, en nákvæm staðsetning er ekki augljós þar sem greinilegar götur virðast ekki liggja að því. Hnitpunktur var settur á líklegan stað út frá skráningunni 2003 en þó gætir ábyggilega einhverrar skekkju.

Mynd 85. Drónamynd af Þorvaldsdalsá, tekin í norðaustur. Katrínarvað er um það bil fyrir miðri mynd.

Aðrar upplýsingar

Katrínarvað er nefnt í örnefnaskrá Þorvaldsdals og þar sagt að það sé nefnt eftir Katrínu sem hafi drukknað þar yst „endur fyrir löngu“ (Örnefnaskrá Þorvaldsdalur 1937: 5).

Grund 3247-72

Hlutverk: Óþekkt, áveita

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á norðanverðu Grundarnesi, um 18m suður af ánni þar sem hún hlykkjast og rennur frá austri til vesturs, er stórgert garðlag á sléttu, nokkuð röku graslendi. Vestan við það eru tveir minni garðbútar.



Mynd 86. Garðlög [3247-72] við Þorvaldsdalsá. Norðurendi áveitugarða [3247-74] sést niðri í vinstra horninu.

Lýsing

Megingarðlagið er um 1,5m breitt og 23m langt og liggur VNV-ASA. Garðlagið er mjög greinilegt, um 1m hátt, og norðan við það, nær ánni, er dokk sem er um 1-1,5m breið og niðurgrafin. Hugsanlegt er að torf til byggingar garðlagsins hafi verið tekið þar. Hlutverk er óljóst en líklega annað hvort tengt áveitunum á Grundarnesi eða til að varna því að áin flæði inn á engið á þessum stað. Vestan garðlagsins eru tveir minni garðlagsbútar, u.þ.b. 6-7m langir hvor um sig. Sá nyrðri snýr norður-suður og sá syðri snýr suðvestur-norðaustur. Þessir bútar sáust á loftmynd og eru mældir upp af henni. Af nálægðinni við stóra garðlagið að ræða er líklegt að þessi garðlög hafi öll saman gegnt einhverju sameiginlegu hlutverki, líklega sem hluti af áveitunum á svæðinu.

Mynd 87. Horft vestur eftir lengsta garðlaginu [3247-72].

Grund 3247-73 [Eldra númer: EY057:010]

Sérheiti: Ingiríðarvað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Ingiríðarvað er á þeim kafla Þorvaldsdalsárinnar þar sem hún rennur næst Þorvaldsdalsvegi austan megin, vestan við áveitusvæðið á Grundarnesi. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt en miðað var við skráningarpunkt úr skráningunni 2003 og hnitpunktur settur á líklegan stað. Þó gætir örugglega einhverrar skekkju. Annað vað, sem greinilega er notað í dag, er nokkru norðar.

Mynd 88. Staðsetning Ingiríðarvaðs [3247-73] á Þorvaldsdalsá, horft til ANA.

Aðrar upplýsingar

Ingiríðarvað er nefnt í örnefnaskrá Þorvaldsdals (Örnefnaskrá Þorvaldsdalur, ytri hlutinn: 42). Líklega er það sama vað og nefnt er Nesvað í annarri örnefnaskrá Þorvaldsdals (Örnefnaskrá Þorvaldsdalur 1937: 5).



Mynd 89. Yfirlit yfir skráða áveitugarða [3247-74] á Grundarnesi. Einnig sjást staðsetningar nálægra fornleifa. Gul lína sýnir afmörkun skráningarsvæðis.

Grund 3247-74 [Eldra númer: EY057:009]
Hlutverk: Áveita
Tegund: Garðlag
Staðhættir
Grundarnes, sléttlent graslendi, liggur austur og niður af bæjarstæði Grundar og má þar finna víðáttumikla áveitugarða sem ná yfir um 200x240m stórt svæði. Hugsanlegt er að svæðið sem áveitan hafði áhrif á sé nokkuð víðfeðmara.

Mynd 90. Drónamynd af áveitusvæðinu [247-74]. Horft til SSV.

Lýsing

Garðarnir sem falla undir þessa skráningu eru sex talsins, auk einnar undirhleðslu undir girðingu sem fær að vera með (sjá hér aftar). Svæðið er að hluta girt með girðingu í dag og stendur hún ofan á görðunum í einhverjum tilfellum. Einn þessara sex garða (sjá merkingu á korti: A) er ekki með girðingu ofan á og liggur norður fyrir meginsvæðið sem hinir afmarka, undir girðingu og síðan suður inn á meginsvæði. Hann er mun lægri en flestir hinna garðanna og ógreinilegri. Hæð er einungis um 30cm og breidd um 70cm, en lengd um 105m. Garðurinn er gróinn grasi og mosa og er sums staðar greinileg mjó rás austan garðsins. Aðrir garðar, að D undanskildum, eru greinilegri, yfirleitt upp að 80cm háir og 80-100cm breiðir. Við garðinn (B) sem liggur austur-vestur er skurður að norðanverðu. Sá garður fjarar út til vesturs og endar sem undirhleðsla undir girðingu (C). Undirhleðslan var skráð sem hluti af áveitugörðunum við skráninguna 2003 og er hún höfð með hér líka, skurðurinn heldur áfram upp með henni. Samtals eru B og C um 185m. Frá vesturenda undirhleðslunnar liggur garður (D) í suður, um 160m langur. Sá er lágur og ógreinilegur og var ekki skráður árið 2003. Sér í lagi er garðurinn ógreinilegur til endanna (norður og suður) en hann er greinilegastur í miðjunni. Pæla er vestan við garðinn, mjög greinileg við miðbik garðsins. Garðurinn er mest um 30cm hár og 80cm breiður og er gróinn grasi og mosa. Næst ánni er garður sem skiptist sunnan við miðju við gönguhlið. Nyrðri hlutinn (E) er um 90m langur og sá syðri (F) um 60m langur. Um 35m norður af gönguhliðinu er garður (G) frá garði (F) og til vesturs, tæplega 60m langur. Samtals eru garðarnir, með undirhleðslunni, um 660m.

Mynd 91. Áveitugarður [3247-74] (G) gengur hér í til austurs í átt að garði (E). Eins og sést hefur verið girt yfir garðinn.

Aðrar upplýsingar

Áveituna gerði síðasti bóndinn á Grund, Vigfús í Litla-Árskógi (Örnefnaskrá Árskógshrepps: 26).

Grund 3247-75

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Ofarlega í valllendi og mýrlendi, austur undir fjallshlíð, neðan við túnin á Grund, tæplega 200m vestur af Þorvaldsdalsá er garðlag.

Lýsing

Garðurinn liggur norðvestur-suðaustur og er um 140m langur. Garðurinn er yfirleitt um 60cm breiður en verður mest um 1,3m þar sem breiðast er á stuttum kafla að norðanverðu, hann fjarar svo út til norðurs. Pæla er með garðinum vestanverðum. Hæð garðsins er um 20-30cm og hann er algróinn grasi. Garðurinn virðist neðan við tún Grundar eins og það er teiknað á túnakorti frá 1917 og var ekki skráður sem hluti af túngarði Grundar við skráninguna 2003, því verður hann ekki túlkaður sem túngarður hér. Hugsanlegt er að hann tengist áveitunum á Grundarnesi.

Mynd 92. Garðlag [3247-75], horft til norðvesturs.

Grund 3247-76 [Eldra númer: EY057:008]

Sérheiti: Húsavað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Sunnan Grundarness, um 300m suðaustur af bæjarhól Grundar og um 640m SSV af fjárhúsi [3247-54] er vað á Þorvaldsdalsá. Vaðið er ekki árennilegt, en áin var mjög vatnsmikil þegar skráningin fór fram. Nokkuð ljóst þykir hvar vaðið var á ánni. Þar er eins konar dokk í landslaginu við ána þar sem auðveldlega hefur verið hægt að fara niður bakkann.

Mynd 93. Húsavað [3247-76], horft til norðausturs.

Aðrar upplýsingar

Húsavað er nefnt í örnefnaskrá Þorvaldsdals. Þar segir einnig: „...yngra nafn á því er Jóhannesarvað, kennt við bónda frá Kúgili, sem fórst á vaðinu, ásamt hesti þeim er hann reið.“ (Örnefnaskrá Þorvaldsdalur 1937: 5) Jóhannes Óli Sæmundsson telur Jóhannes ekki hafa farist í Húsavaði heldur frekar á Katrínarvað [3247-71]. Húsavað er kennt við peningshús frá Grund (Örnefnaskrá Þorvaldsdalur, ytri hlutinn: 42).

Grund 3247-77 [Eldra númer: EY057:007]

Hlutverk: Óþekkt, heystæði

Tegund: Tóft

Staðhættir

Þar sem dalbotninn fer mjókkandi sunnan túnsins á Grund, í aflíðandi mýri um 300m suðaustur af bæjarhól Grundar og 30m vestur af Þorvaldsdalsá, er tóft.

Mynd 94. Tóft [3247-77], horft til norðausturs.

Lýsing

Tóftin er sigin og sokkin, veggir eru um 20-50cm háir, hæstir að sunnanverðu en lægstir að norðanverðu, og um 1m breiðir. Tóftin er gróin grasi, utanmál hennar er um 15x10m og ekkert op er sjáanlegt á henni. Líklegt er að torf til byggingarinnar hafi verið stungið rétt við veggi hennar. Líklega er um heystæði að ræða.

Grund 3247-78

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í mýri sem hallar frá túni Grundar og niður að Þorvaldsdalsá, austur frá suðausturhorni túngarðs, um 300m SSA af bæjarhól Grundar og niður undir á, liggur garðlag.

Mynd 95. Garðlag [3247-78], horft til austurs.

Lýsing

Garðlagið er gróið grasi að mestu en stör í mýrinni. Vik eru í garðlagið á tveimur stöðum neðarlega og er það mælt inn í þremur hlutum: sá lengsti, vestasti, er rúmlega 30m langur, sá næstlengsti, austasti, er um 13m langur og á milli þeirra er stuttur 3,5m langur bútur. Garðlagið er um 60cm breitt og hæð þess er um 30-40cm.

Aðrar upplýsingar

Garðlagið teygir sig út fyrir svæðið til vesturs en var einungis skráð innan svæðis. Hugsanlegt er að þetta garðlag sé framhald af túngarðinum í austur, en það var ekki skráð árið 2003 sem hluti af honum og verður því skráð hér með hlutverk óþekkt, enda enginn túngarður sem þessi heldur teiknaður á túnakortið frá 1917.

Grund 3247-79
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Staðhættir
Í mýrlendi undir brekku, um 45m vestur af Þorvaldsdalsá og 370m SSA af bæjarhól Grundar, er garðlag.
Lýsing
Garðlagið liggur í hlykkjum NNV-SSA og er nokkuð sigið. Veggjahæð er um 30-50cm og breidd er mest um 1,8m efst til NNV, en að jafnaði mjórri. Garðlagið er gróið grasi, mosa og ljónslappa. Hlutverk er óljóst.

Mynd 96. Garðlag [3247-79], horft til norðvesturs.

Grund 3247-80 [EY057:0023]
Hlutverk: Óþekkt, heystæði
Tegund: Tóft
Staðhættir
Á grónum árbakka Þorvaldsdalsár, um 20m vestur af ánni, undir fjallshlíðinni, um 550m SSA af bæjarhóli Grundar, er tóft.
Lýsing
Tóftin er nokkuð stór og einföld. Utanmál er um 8x6,5m og op virðist geta verið til vesturs við norðvesturhorn. Þúfur eru inni í tóftinni og er hún vel gróin grasi, mosa og lyngi. Hæð veggja er um 40-60cm og breidd þeirra um 1m.

Mynd 97. Tóft [3247-80], horft til norðurs.

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. 1990. *Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fyrsta útgáfa. Þjóðminjasafn Íslands: Fornleifanefnd.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2004. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XIX: Fornleifar í Þorvaldsdal og syðsta hluta Árskógsstrandar að hreppamörkum*. FS256-99095. Fornleifastofnun Íslands ses.: Reykjavík.

Hávarðar saga Ísfirðings. 1953. *Íslendinga sögur V*. Vestfirðinga sögur. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan. Bls. 123-198

JÁP: Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1943. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. X. bindi. Eyjafjarðarsýsla. Hið íslenska fræðafjelag: Kaupmannahöfn.

Jóhannes Óli Sæmundsson. 1956. „Þorvaldsdalur“. *Jólablað Dags*, 17. desember. Bls. 23-25. Sótt af: https://timarit.is/issue/204877

Jóhannes Óli Sæmundsson. *Örnefni í Eyjafjarðarsýslu*. 1978. Fagrahlíð: Akureyri.

Landnáma. 1953. *Íslendinga sögur I.* Landssaga og landnám. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan. Bls. 21-241.

Minjavefsjá. Minjastofnun Íslands. https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun (skoðað í september 2024)

Ólafur Olavius. 1964. *Ferðabók*. II. bindi. Bókfellsútgáfan: Reykjavík.

Sigurður Bergsteinsson og Sólborg Una Pálsdóttir. 2009. *Friðlýstar fornleifar í Dalvíkurbyggð. Úttekt*. Skýrslur Fornleifaverndar ríkisins 2009:1. Fornleifavernd ríkisins: Reykjavík.

Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl. https://www.manntal.is/

Óútgefnar heimildir

Túnakort, Grund. Sótt af

https://testbirting.manntal.is/default.aspx?leit=R3J1bmQgw4Fyc2vDs2dzaHJlcHB1ciBFeWphZmphcsOwYXJzw71zbGE=

Örnefnaskrá Stærri Árskógur (Jóhannes Óli Sæmundsson skráði). Sótt af: https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/19321

Örnefnaskrá Þorvaldsdalur (Margeir Jónsson skráði). 1937. Sótt af: https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/19328

Örnefnaskrá Þorvaldsdalur, ytri hlutinn (Jóhannes Óli Sæmundsson skráði). Sótt af: https://xn--nafni-mta.is/ornefnaskra/19329

Örnefnaskrá Árskógshrepps (Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman).

Heimildamenn

Guðmundur Geir Jónsson, 2. maí 2024.

Viðauki 1

Hættumat vegna framkvæmda

Í eftirfarandi töflu má sjá hættumat út frá framkvæmdalínum frá verkkaupa, þ.e. pípulögn, námur, stíflu og uppistöðulón. Athugið að ekki er lagt mat á gildi minja við mat á hættu, einungis nálægð við framkvæmdir.

Alls eru 20 minjar metnar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda eins og þær eru skilgreindar í gögnum frá verkkaupa. Gert er ráð fyrir 20m raski út frá stíflu og stöðvarhúsi og 15m út frá pípu og vegi. Auk upptalningar hér að neðan fer pípulögn á milli túngarða á Þórhallsstöðum og þar með inn í tún, og innan við 100m frá friðlýstum minjum þar. Á bæjarstæðum Hávarðarstaða liggja flestar minjar utan 100m frá áætluðum framkvæmdasvæðum, nema túngarðar [3247-30 og 39].



Mynd 98. Yfirlit yfir minjar á Þórhallsstöðum, rauð lína sýnir pípulögn í gegnum svæðið.

Tafla 2. Hættumat minja vegna framkvæmda.

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Ástand	Athugasemd
3247-1	Stærri-Árskógur	Leið	Gata	Greinanlegar	Pípa fer í gegnum leiðina
3247-2	Stærri-Árskógur	Óþekkt	Garðlag	Greinanlegar	Pípa fer í gegnum tvö garðlaganna og einnig er náma á svæðinu
3247-7	Stærri-Árskógur	Túngarður	Garðlag	Greinanlegar	Pípa fer í gegnum einn garðlagsbútinn
3247-28	Stærri- Árskógur	Óþekkt	Tóft	Greinanlegar	Pípa fer í gegnum tóftina
3247-29	Stærri- Árskógur	Leið	Gata	Greinanlegar	Pípa liggur við og fer í gegnum leiðina að hluta
3247-30	Stærri- Árskógur	Túngarður	Garðlag	Greinanlegar	Pípa og vegur fara í gegnum garðlagið á einum stað
3247-39	Stærri- Árskógur	Túngarður	Garðlag	Greinanlegar	Pípa og vegur fara í gegnum garðlagið á einum stað
3247-62	Stærri- Árskógur	Óþekkt	Þúst	Illgreinanlegar	Fer undir lón
3247-63	Stærri- Árskógur	Óþekkt	Hleðsla	Greinanlegar	Fer undir lón
3247-64	Stærri- Árskógur	Óþekkt	Tóft	Greinanlegar	Fer undir lón
3247-65	Stærri- Árskógur	Óþekkt, veita	Garðlag	Illgreinanlegar	Fer undir lón
3247-69	Grund	Mógröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	5m frá stíflu, undir lón
3247-70	Grund	Mógröf	Niðurgröftur	Greinanlegar	12m frá stíflu, undir lón
3247-71	Grund	Vað	Heimild	Sést ekki	Fer undir lón
3247-72	Grund	Óþekkt	Garðlag	Greinanlegar	Fer undir lón
3247-73	Grund	Vað	Heimild	Sést ekki	Fer undir lón
3247-74	Grund	Veita	Garðlag	Greinanlegar	Fer undir lón að mestu
3247-75	Grund	Óþekkt	Garðlag	Greinanlegar	Fer undir lón að mestu
3247-76	Grund	Vað	Heimild	Sést ekki	Fer undir lón
3247-77	Grund	Óþekkt, heystæði	Tóft	Greinanlegar	Vegna sveiflu í vatnsyfirborði lóns



Mynd 99. Hér má sjá framkvæmdasvæði með rauðum línum, pípulögn annars vegar, sem liggur þvert í gegnum svæðið, og námusvæði hins vegar.



Mynd 100. Hér má sjá með rauðu framkvæmdalínur pípulagnar og vegar þar sem þær fara í gegnum túngarða [3247-30] og [3247-39].



Mynd 101. Hér má sjá með rauðu stíflusvæðið og nyrðri hluta uppstöðulónsins í landi Grundar og Stærri-Árskógs. Gula línan afmarkar skráningarsvæðið.



Mynd 102. Hér má sjá með rauðu afmörkun suðurhluta uppistöðulónsins í landi Grundar og Stærri-Árskógs. Gula línan afmarkar skráningarsvæðið.

Viðbót

Ef farið verður í lagfæringar á Þorvaldsdalsvegi austan megin í dalnum eru eftirfarandi minjar einnig í hættu. Athugið að þetta hættumat er ekki fært inn í landupplýsingagögn og er hér einungis tekið saman til upplýsinga:

Tafla 3. Viðbótar hættumat minja ef farið verður í lagfæringar á Þorvaldsdalsvegi.

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Ástand	Athugasemd
3247-3	Stærri- Árskógur	Kennimark	Varða	Greinanlegar	15m frá vegi
3247-4	Stærri- Árskógur	Kennimark	Varða	Greinanlegar	4m frá vegi
3247-39	Stærri- Árskógur	Túngarður	Garðlag	Greinanlegar	Vegurinn liggur nú þegar í gegnum garðlagið, bæði norðan og sunnan bæjarstæðisins, og eru bútar þess greinanlegir fast beggja vegna við hann.
3247-41	Stærri- Árskógur	Óþekkt	Þúst	Illgreinilegar	4m frá vegi
3247-42	Stærri- Árskógur	Óþekkt	Tóft	Greinanlegar	10m frá vegi
3247-43	Stærri- Árskógur	Óþekkt	Garðlag	Greinanlegar	10m frá vegi
3247-44	Stærri- Árskógur	Óþekkt	Tóft	Greinanlegar	10m frá vegi
3247-49	Stærri- Árskógur	Óþekkt, útihús	Tóft	Greinanlegar	10m frá vegi
3247-51	Stærri- Árskógur	Óþekkt	Tóft	Greinanlegar	6m frá vegi (en ofan á hól)
3247-54	Stærri- Árskógur	Fjárhús, hlaða	Tóft	Vel greinanlegar	Fast við veginn, nú þegar líklega aðeins raskað vegna vegarins
3247-57	Stærri- Árskógur	Sel	Tóft	Greinanlegar	10m frá vegi
3247-60	Stærri- Árskógur	Óþekkt	Heimild	Sést ekki	Austasti hluti hólanna er örfáa metra vestur af veginum
3247-61	Stærri- Árskógur	Túngarður	Garðlag	Greinanlegar	Vegurinn hefur líklega nú þegar raskað ytri túngarðinum og sést endi hans fast vestan við veginn

Fylgiskjal

Jörð	minj_id	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	x	y
Stærri-Árskógur	3247-1	Elstivegur	Leið	Gata	800	1800	Greinanlegar	529040	601887
Stærri-Árskógur	3247-2	Ystulágargardur	Óþekkt	Garðlag	800	1700	Greinanlegar	529122	601259
Stærri-Árskógur	3247-3		Kennimark	Varða	800	1900	Greinanlegar	529194	601067
Stærri-Árskógur	3247-4		Kennimark	Varða	800	1900	Greinanlegar	529238	600900
Stærri-Árskógur	3247-5		Kennimark	Varða	800	1900	Greinanlegar	529161	600883
Stærri-Árskógur	3247-6		Kennimark	Varða	800	1900	Greinanlegar	529069	600904
Stærri-Árskógur	3247-7	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Túngarður	Garðlag	800	1700	Greinanlegar	529021	600920
Stærri-Árskógur	3247-8	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Túngarður	Garðlag	800	1800	Greinanlegar	529045	600603
Stærri-Árskógur	3247-9	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Óþekkt	Tóft, náttúrulegt	800	1800	Greinanlegar	528933	600916
Stærri-Árskógur	3247-10	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Óþekkt	Tóft	800	1700	Greinanlegar	528964	600907
Stærri-Árskógur	3247-11	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Óþekkt	Tóft	800	1700	vel greinanleg	528974	600868
Stærri-Árskógur	3247-12	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Óþekkt, matjurtagarður	Heimild	800	1700	Sést ekki	528962	600855
Stærri-Árskógur	3247-13	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Óþekkt	Heimild	800	1700	Sést ekki	528944	600874
Stærri-Árskógur	3247-14	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Óþekkt, útihús	Tóft	800	1700	Greinanlegar	529057	600668
Stærri-Árskógur	3247-15	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Óþekkt, útihús	Tóft	800	1700	Greinanlegar	529047	600669
Stærri-Árskógur	3247-16	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Óþekkt, útihús	Tóft	800	1500	Illgreinanlegar	529056	600637
Stærri-Árskógur	3247-17	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Óþekkt, aðhald	Heimild	800	1800	Sést ekki	529032	600642
Stærri-Árskógur	3247-18	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Óþekkt, aðhald	Tóft	800	1800	Greinanlegar	529036	600620
Stærri-Árskógur	3247-19	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Híbýli	Tóft	800	1800	Illgreinanlegar	529015	600656
Stærri-Árskógur	3247-20	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Bæjarhóll	Hóll	800	1800	Greinanlegar	529021	600655
Stærri-Árskógur	3247-21	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Óþekkt, útihús	Tóft	800	1700	Illgreinanlegar	529008	600679
Stærri-Árskógur	3247-22	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Óþekkt, útihús	Heimild	800	1700	Sést ekki	529021	600682
Stærri-Árskógur	3247-23	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Óþekkt, útihús	Heimild	800	1700	Sést ekki	529009	600688
Stærri-Árskógur	3247-24	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Óþekkt, útihús	Tóft	800	1800	Greinanlegar	528991	600681
Stærri-Árskógur	3247-25	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Brunnur	Niðurgröftur	800	1800	Greinanlegar	528938	600692
Stærri-Árskógur	3247-26	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Óþekkt, aðhald	Garðlag	800	1500	Illgreinanlegar	528931	600646
Stærri-Árskógur	3247-27	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Fjárhús, útihús	Tóft	800	1800	Greinanlegar	528938	600627
Stærri-Árskógur	3247-28		Óþekkt, heystæði	Tóft	800	1900	Greinanlegar	529132	600506
Stærri-Árskógur	3247-29		Leið	Gata	800	1900	Greinanlegar	529066	600102
Stærri-Árskógur	3247-30	Hávarðarstaðir (nyrðri)	Túngarður	Garðlag	800	1500	Greinanlegar	528823	599760
Stærri-Árskógur	3247-31	Hávarðarstaðir (nyrðri)	Óþekkt	Tóft	800	1500	Greinanlegar	528785	599827
Stærri-Árskógur	3247-32	Hávarðarstaðir (nyrðri)	Óþekkt	Garðlag, náttúrulegt	800	1500	Illgreinanlegar	528772	599819

Stærri-Árskógur	3247-33	Hávarðarstaðir (nyrðri)	Óþekkt	Heimild	800	1500	Sést ekki	528776	599817
Stærri-Árskógur	3247-34	Hávarðarstaðir (nyrðri)	Híbýli	Tóft	800	1500	Greinanlegar	528790	599803
Stærri-Árskógur	3247-35	Hávarðarstaðir (nyrðri)	Óþekkt, aðhald	Tóft	800	1500	Greinanlegar	528801	599808
Stærri-Árskógur	3247-36	Hávarðarstaðir (nyrðri)	Óþekkt, aðhald	Tóft	800	1500	Greinanlegar	528805	599804
Stærri-Árskógur	3247-37	Hávarðarstaðir (nyrðri)	Óþekkt	Tóft, náttúrulegt	800	1500	Illgreinanlegar	528783	599793
Stærri-Árskógur	3247-38	Hávarðarstaðir (nyrðri)	Óþekkt	Tóft	800	1500	Greinanlegar	528796	599786
Stærri-Árskógur	3247-39	Hávarðarstaðir (syðri)	Túngarður	Garðlag	800	1700	Greinanlegar	528809	599643
Stærri-Árskógur	3247-40	Hávarðarstaðir (syðri)	Óþekkt, aðhald	Garðlag	800	1700	Greinanlegar	528980	599467
Stærri-Árskógur	3247-41	Hávarðarstaðir (syðri)	Óþekkt	Þúst, náttúrulegt	800	1700	Illgreinanlegar	528903	599540
Stærri-Árskógur	3247-42	Hávarðarstaðir (syðri)	Óþekkt	Tóft	800	1700	Greinanlegar	528886	599510
Stærri-Árskógur	3247-43	Hávarðarstaðir (syðri)	Óþekkt	Garðlag	800	1700	Greinanlegar	528888	599504
Stærri-Árskógur	3247-44	Hávarðarstaðir (syðri)	Óþekkt	Tóft	800	1700	Greinanlegar	528885	599498
Stærri-Árskógur	3247-45	Hávarðarstaðir (syðri)	Híbýli	Tóft	800	1906	Greinanlegar	528868	599494
Stærri-Árskógur	3247-46	Hávarðarstaðir (syðri)	Bæjarhóll	Hóll	800	1906	Greinanlegar	528872	599496
Stærri-Árskógur	3247-47	Hávarðarstaðir (syðri)	Óþekkt	Dæld	800	1700	Illgreinanlegar	528872	599493
Stærri-Árskógur	3247-48	Hávarðarstaðir (syðri)	Óþekkt	Dæld	800	1700	Illgreinanlegar	528867	599487
Stærri-Árskógur	3247-49	Hávarðarstaðir (syðri)	Óþekkt, útihús	Tóft	800	1700	Greinanlegar	528883	599470
Stærri-Árskógur	3247-50	Hávarðarstaðir (syðri)	Óþekkt	Tóft	800	1700	Illgreinanlegar	528916	599482
Stærri-Árskógur	3247-51	Hávarðarstaðir (syðri)	Óþekkt	Tóft	800	1700	Greinanlegar	528888	599426
Stærri-Árskógur	3247-52	Hávarðarstaðir (syðri)	Óþekkt	Garðlag	800	1700	Illgreinanlegar	528862	599423
Stærri-Árskógur	3247-53	Hávarðarstaðir (syðri)	Fjárhús, hlaða	Tóft	800	1700	Greinanlegar	528869	599406
Stærri-Árskógur	3247-54	Hávarðarstaðir (syðri)	Fjárhús, hlaða	Tóft	800	1906	Greinanlegar	528897	599404
Stærri-Árskógur	3247-55	Hávarðarstaðir (syðri)	Óþekkt, sel	Tóft	800	1800	Greinanlegar	528943	599432
Stærri-Árskógur	3247-56	Hávarðarstaðir (syðri)	Kvíar	Tóft	800	1800	Greinanlegar	528924	599424
Stærri-Árskógur	3247-57	Hávarðarstaðir (syðri)	Sel	Tóft	800	1800	Greinanlegar	528921	599417
Stærri-Árskógur	3247-58	Hávarðarstaðir (syðri)	Mógröf	Niðurgröftur	800	1900	Greinanlegar	528831	599390
Stærri-Árskógur	3247-59	Hávarðarstaðir (syðri)	Óþekkt	Tóft	800	1900	Greinanlegar	528886	599354
Stærri-Árskógur	3247-60	Hávarðarstaðir (syðri)	Óþekkt	Heimild	800	1700	Sést ekki	528918	599358
Stærri-Árskógur	3247-61	Hávarðarstaðir (syðri)	Túngarður	Garðlag	800	1700	Greinanlegar	528922	599349
Stærri-Árskógur	3247-62		Óþekkt	Þúst	800	1700	Illgreinanlegar	528912	599137
Stærri-Árskógur	3247-63		Óþekkt	Hleðsla	1700	1900	Greinanlegar	528921	598766
Stærri-Árskógur	3247-64		Óþekkt	Tóft	800	1900	Greinanlegar	528746	598675
Stærri-Árskógur	3247-65		Óþekkt, veita	Garðlag	800	1900	Illgreinanleg	528776	598564

Grund	3247-66		Óþekkt	Tóft	800	1800	Greinanlegar	528542	599288
Grund	3247-67		Óþekkt	Tóft	800	1700	Greinanlegar	528581	599289
Grund	3247-68		Óþekkt	Tóft	800	1700	Greinanlegar	528572	599283
Grund	3247-69		Mógröf	Niðurgröftur, náttúrulegt	800	1900	Greinanlegar	528587	599231
Grund	3247-70		Mógröf	Niðurgröftur	800	1900	Greinanlegar	528602	599225
Grund	3247-71	Katrínarvað	Vað	Heimild	800	1900	Sést ekki	528834	599124
Grund	3247-72		Óþekkt	Garðlag	1800	1925	Greinanlegar	528848	599088
Grund	3247-73	Ingiríðarvað	Vað	Heimild	800	1900	Sést ekki	528900	598952
Grund	3247-74		Veita	Garðlag	1800	1925	Greinanlegar	528880	598959
Grund	3247-75		Óþekkt	Garðlag	800	1900	Greinanlegar	528659	599009
Grund	3247-76	Húsavað	Vað	Heimild	800	1900	Sést ekki	528763	598770
Grund	3247-77		Óþekkt, heystæði	Tóft	800	1900	Greinanlegar	528665	598709
Grund	3247-78		Óþekkt	Garðlag	800	1900	Greinanlegar	528624	598664
Grund	3247-79		Óþekkt	Garðlag	800	1900	Greinanlegar	528589	598605
Grund	3247-80		Óþekkt, heystæði	Tóft	800	1900	Greinanlegar	528615	598436
Stærri-Árskógur	3247-81	Þórhallsstaðir/Þórhallakot	Kirkja	Heimild	800	1200	Sést ekki	NA	NA